



**UPPHÆÐ MISKABÓTA Í ÆRUMEIÐINGAMÁLUM
SAMKVÆMT B. LIÐ 1. MGR. 26. GR.
SKAÐABÓTALAGA**

Linda Björk Rögnvaldsdóttir

2014

BA í lögfræði

Höfundur: Linda Björk Rögnvaldsdóttir

Kennitala: 2204912699

Leiðbeinandi: Póra Hallgrímsdóttir

Lagadeild

School of Law

Útdráttur

Markmið ritgerðar er að kafa í upphæðir miskabóta í ærumeiðingamálum samkvæmt b. lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Gerð var rannsókn á þeim dómum sem féllu síðasta áratug en margir dómar féllu á því tímabili þar sem heimild b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga var nýtt og miskabætur dæmdar til þeirra er hafa sætt ólögmætri meingerð gegn æru sinni. Þær spurningar sem settar voru fram og leitað var svara við snéru að kröfum stefnanda, þá hvaða kröfur eru settar fram í ærumeiðingamálum, var ávallt krafist miskabóta og voru þær ávallt dæmdar ef þeirra var krafist í þeim málum sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla. Litið var til fjárhæðar miskabótakrafna og dæmdra miskabóta og litið til þess hvort dómstólar vísuðu til einhverra atriði við ákvörðun bótafjárhæðar. Í fyrra hluta ritgerðar er farið yfir þau hugtök og lagaákvæði sem snúa að miskabótagrundvelli vegna ólögmætrar meingerðar, hvað það er sem verið er að vernda með æruvernd og þá hvaða skilyrði eru fyrir ómerkingu ummæla. Seinni hluti ritgerðar snýr að dómaframkvæmd þar sem settar voru upp myndir með tölfræðilegum skýringum á því hvernig fjárhæðum miskabótakrafna og dæmdra miskabóta var háttað og farið var í dóma sem gefa mynd af því hvernig dómstólar ákvarða fjárhæðir miskabóta. Þá er niðurstaða rannsóknar skýrð, til dæmis hvort myndast hafi í dómaframkvæmd reglur sem áhrif hafa á niðurstöður þær er varðar fjárhæð miskabóta.

Abstract

The main purpose of this bachelor's thesis is to examine the compensation amounts of libel cases by section b in article 26 in the Icelandic compensation law no. 50/1993. The verdicts from libel cases over the last decade were reviewed. The questions put forward in this thesis explored what demands the plaintiff claimed along side the demands to annul comments. Was there always a demand of compensations and if the court ruled to annul the comments did they agree to a compensation payment. What were the amounts of the compensation demands and sentenced compensations. Then if the judges had some argumentation for the payment amount. In the first part of this bachelor's thesis there is given an overview of terms, concepts and articles on compensation basis because of libel comments, what role the law to protect the reputation is given and then what the conditions have to be for a comment to be annulled. In the latter section of this thesis the focus is on the verdicts of the Icelandic courts in libel cases. How the amounts of demands and ruled compensation were presented. Then the issue of the cases is promoted to give an idea of how the court concludes the ruling of the amount of compensations. In the later part the focus is on past judgments, where statistical explanations on how financial amounts of compensations demands and judged compensations were organized and judgments were looked into that give an idea of how judges decide compensation amounts.

Formáli

Ákvörðun mín að skrifa um fjárhæðir miskabóta í ærumeiðingamálum var tekin eftir umfjöllun í kennslustund í skaðabótarétti sökum þess hve óútreiknanlegar þær geta verið. Það vakti athygli mína að fjárhæðir voru eftir vill nokkuð á reiki og ekki var um staðlaða útreikninga líkt og er í öðrum bótaflokkum. Þá vil ég þakka þjáningasystrum mínum þeim Kareni Björnsdóttur og Stellu Hallsdóttir ásamt kærastanum mínum Páli Ingva Logasyni fyrir andlegan stuðning og endalausa þolinmæði á þeim tíma er ritgerðaskrif fóru fram. Ég vil þakka Svanhvíti Helgu Magnúsdóttur fyrir aðstoð við enska þýðingu á útdrætti og Guðjóni Erni Helgasyni fyrir dygga aðstoð með alla tölfræðivinnslu og leiðbeinanda mínum henni Þóru Hallgrímsdóttur fyrir trausta og góða leiðsögn.

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	VI
DÓMASKRÁ	VII
LAGASKRÁ	IX
1. INNGANGUR	1
2. LÖGGJÖF OG HUGTÖK / ALMENNT	3
2.1. STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS.....	3
2.1.1. Friðhelgi einkalífs.....	3
2.1.2. Samspil 71. gr. og 73. gr. stjórnarskrár	4
2.2. XXV. KAFLI HEGNINGARLAGA.....	5
241. gr. hegningarlaga.....	5
2. mgr. 241. gr. hegningarlaga.....	6
234. gr. og 235. gr. hegningarlaga.....	7
2.3 B. LIÐUR 1. MGR. 26. GR. SKAÐABÓTALAGA	9
2.3.1. Heimildarákvæði	10
2.3.2. Ólögmet meingerð	10
2.3.3. Æra.....	12
Ærumeiðing.....	12
Æruvernd.....	13
2.3.4. Þann sem ábyrgð ber á.....	13
2.3.5. Skaðabætur.....	13
Miskabætur	14
3. DÓMAFRAMKVÆMD	15
3.1. HVAÐA KRAFA ER SETT FRAM Í ÆRUMEIÐINGAMÁLUM?.....	17
3.1. Er alltaf krafist miskabóta?.....	17
3.1.2. Hvaða upphæð miskabóta er krafist fyrir ærumeiðandi ummæli?.....	23
3.1.3. Krafa um birtingu forsenda og niðurstöðu dóms.....	17
3.1.4. Krafa um refsingu.....	20

3.1.5. Kröfur í þeim málum sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla.....	24
3.2. VORU ALLTAF DÆMDAR BÆTUR ÞEGAR UMMÆLI VORU ÓMERK?	27
3.3. FJÁRHÆÐ DÆMDRA MISKABÓTA.....	26
3.3.1. Rökstuðningur dómstóla vegna ákvörðunar miskabóta.	28
3.4. MEÐALTAL UPPHÆÐAR FRAMLAGÐRA KRAFNA OG DÆMDRA BÓTA.....	28
3.4.1. Meðaltal upphæðar framlagðra krafna	29
3.4.2. Meðaltal dæmdra upphæðar.....	30
3.4.3. Hvað voru dæmdar háar bætur miðað við framlagða kröfu?	31
3.4.4. Dæmt meðalhlutfall.....	32
4. NIÐURSTÖÐUR	39
HEIMILDASKRÁ.....	41

Myndaskrá

Mynd 1	15
Mynd 2	16
Mynd 3	18
Mynd 4	20
Mynd 5	22
Mynd 6	25
Mynd 7	26
Mynd 8	27
Mynd 9	29
Mynd 10	30
Mynd 11	31
Mynd 12	32

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 24. nóvember 2011 í máli nr. 100/2011

Hrd. 1. desember 1989 í máli nr. 76/1988

Hrd. 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006

Hrd. 10. mars 2011 í máli nr. 329/2010

Hrd. 11. desember 2008 í máli nr. 34/2008

Hrd. 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009

Hrd. 11. október 2007 í máli nr. 491/2006

Hrd. 14. júní 2012 í máli nr. 671/2011

Hrd. 15. desember 2011 í máli nr. 158/2011

Hrd. 15. maí 2003 í máli nr. 457/2002

Hrd. 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012

Hrd. 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009

Hrd. 2. október 2008 í máli nr. 653/2007

Hrd. 21. febrúar 1978 í máli nr. 163/1977

Hrd. 21. febrúar 2013 í máli nr. 525/2012

Hrd. 24. janúar 2008 í máli nr. 211/2007

Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012

Hrd. 24. maí 2012 í máli nr. 469/2011

Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003

Hrd. 30. apríl 2009 í máli nr. 475/2008

Hrd. 31. maí 2012 í máli nr. 591/2011

Hrd. 5. mars 2009 í máli nr. 328/2008

Hrd. 6. desember 2012 í máli nr. 314/2012

Hrd. 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013

Héraðsdómar

Héraðsdómur Reykjaness 14. febrúar 2011 í máli nr. E-415/2010

Héraðsdómur Austurlands 1. október 2013 í máli nr. E-5/2013

Héraðsdómur Reykaness 23. febrúar 2011 í máli nr. E-2142/2010

Héraðsdómur Reykjaness 11. febrúar 2009 í máli nr. E-907/2008

Héraðsdómur Reykjaness 3. október 2012 í máli nr. E-1844/2011

Héraðsdómur Reykjaness 3. október 2012 í máli nr. E-1844/2011

Héraðsdómur Reykjaness 4. apríl 2011 í máli nr. E-4818/2009

Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4394/2012

Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4395/2012

Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4395/2012

Héraðsdómur Reykjavíkur 10. júlí 2008 í máli nr. E-8318/2007

Héraðsdómur Reykjavíkur 15. september 2010 í máli nr. E-5780/2009.

Héraðsdómur Reykjavíkur 19. september 2011 í máli nr. E-1412/2011

Héraðsdómur Reykjavíkur 19. september 2012 í máli nr. E-2821/2011

Héraðsdómur Reykjavíkur 2. júlí 2009 í máli nr. E-3170/2009

Héraðsdómur Reykjavíkur 2. júlí 2009 í máli nr. E-3170/2009

Héraðsdómur Reykjavíkur 22. október 2008 í máli nr. E-8596/2007

Héraðsdómur Reykjavíkur 30. nóvember í máli nr. E-6157/2010

Héraðsdómur Reykjavíkur 4. júní 2008 í máli nr. E-5903/2007

Héraðsdómur Reykjavíkur 5. janúar 2012 í máli nr. E-1451/2011

Héraðsdómur Reykjavíkur 6. mars 2012 í máli nr. E-3832/2011

Héraðsdómur Reykjavíkur 8. júlí 2011 í máli nr. E-65/2011

Lagaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög um breyting á skaðabótalögum nr. 50 19. maí 1993, nr. 37/1999

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991

Lög um prentrétt nr. 57/1956

Skaðabótalög nr. 50/1993

Stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944

Dönsk lög

Lovbekendtgørelse 2013-03-21 nr. 266 om erstatningsansvar

Lögskýringagögn

Alpt. 1939, A-deild, 309

Alpt. 1992 – 1993, A-deild, þskj. 596 – 326. mál

Alpt. 1994 – 1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál

Alpt. 1998 – 1999, A-deild, þskj. 199. – 183. mál

1. Inngangur

Æruvernd hefur verið hluti að íslenskri lagasetningu frá upphafi og má finna refsíákvæði vegna fullréttisorða¹ í Grágás frá 19. öld.² Lengi hefur ærunni verið veitt vernd í refsilögum en hefur hún nú verið færð að miklu leyti yfir á svið skaðabótaréttar.³ Nú er að finna heimild í skaðabótalögum nr. 50/1993 (skaðabótalög) til að dæma bætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru. Þá eru enn í gildi refsheimildir í XXV. kafla almennra hegningalaga nr. 19/1940 (hgl) og æruvernd má einnig finna í stjórnskipunarrétti þá í hinum stjórnarskrárvernduðu mannréttindaákvæðum um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.⁴ Samspil er milli þessara ákvæða þegar kemur að ærumeiðingamálum.

Síðasta áratug hafa margir dómur fallið þar sem heimild b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hefur verið nýtt og miskabætur dæmdar til þeirra er hafa sætt ólögmætri meingerð gegn æru sinni. Fjárhæðir samkvæmt reglu b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga eru ekki staðlaðar líkt og sum ákvæði skaðabótalaga. Þannig virðist sem dómstólar hafi einir ákvörðunarvald um hvernig þeim er háttað.⁵ Upphæðir miskabóta í ærumeiðingamálum samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hafa ekki verið taldar háar bætur og geta þær við fyrstu sýn oft litið út fyrir að vera teknar nokkuð handahófskennt.

Með ritgerð þessari er ætlað að leita svara við ýmsum spurningum sem höfundur hefur velt fyrir sér vegna miskabóta í ærumeiðingamálum. Þær spurningar sem leituðu á höfund voru; hvaða krafa eða kröfur eru settar fram í ærumeiðingamálum? Hvort ávallt sé krafist miskabóta? Hvort miskabætur séu ávallt dæmdar þegar ummæli eru ómerk? Hverjar eru upphæðir miskabóta krafna og dæmdra miskabóta? Eru upphæðir miskabóta byggðar á ákveðnum reglum eða hvort röksemdir vegna miskabóta séu mismunandi í hverju tilviki fyrir sig? Við leit á svörum voru skoðaðir dómur Hæstaréttar frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2014 og héraðsdómur frá 1. janúar 2008 til 1. janúar 2014. Ritgerðin skiptist þannig upp að í fyrra hluta hennar er farið yfir þau hugtök og

¹ Orðið æra finnst ekki í fornum lögum. Hið almenna heiti Grágásar á ærumeiðingum var fullréttisorð.

² Gunnar Thoroddsen, *Fjölmæli* (Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1967) 11.

³ Eiríkur Jónsson, „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru : samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“ 25, 26.

⁴ sama heimild.

⁵ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005) 716.

lagaákvæði sem snúa að miskabótagrundvelli vegna ólögmeðrar meingerðar, hvað það er sem verið er að vernda með æruvernd og þá hvaða skilyrði eru fyrir ómerkingu ummæla. Seinni hluti ritgerðar snýr að dómaframkvæmd þar sem settar voru upp myndir með tölfræðilegum skýringum á því hvernig fjárhæðum miskabótakrafna og dæmdra miskabóta var háttað. Var með dómum skoðað hvernig ákvörðun dómara vegna fjárhæð miskabóta er háttað og greint frá hvort einhver dómvenja hafi myndast í framkvæmd við ákvörðun miskabótafjárhæðar.

2. Löggjöf og hugtök

Víða í íslenskri löggjöf má finna ákvæði til verndar æru og hafa verið ákvæði til verndar hennar frá upphafi lagasetningar. Þá hefur í gegnum aldirnar tíðkast að refsing, svo sem fésekt, sé gerð þeim sem lét ummæli falla.⁶ Til að gefa sem skýrustu mynd af niðurstöðu rannsóknar verða öll þau lagaákvæði og lögfræðihugtök sem snúa að miskabótum vegna ærumeiðinga á grundvelli b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga skýrð hér í köflum 2.1. til 2.3.5.

2.1 Stjórnarskrá Íslands

Réttur manna til friðhelgis einkalífs er verndaður með 71. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjórnarskrá) greinin segir að „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“ Ákvæðið er í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga um efnið samanber 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994 (mannréttindasáttmála Evrópu).

Yfirlýsing 71. gr. stjórnarskrár áréttar mikilvægi þeirra réttinda sem upp eru talin í ákvæðinu. Þá er það gefið til kynna að allar takmarkanir beri að túlka þröngt, sér í lagi þegar stjórnvöldum eru veittar heimildir til að skerða þau réttindi sem þar eru talin.⁷ Takmarkanir á 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár er að finna í 2. og 3. mgr. greinarinnar. Önnur málsgrein ákvæðisins felur í sér sérreglu er varðar sakamál en í þriðju málsgrein ákvæðisins er heimild til takmörkunar, með sérstakri lagaheimild, á friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Er hér meðal annars verið að vísa til tjáningarfrelsisins, þ.e. rétt annarra til að láta í ljós skoðanir sínar.⁸

2.1.1 Friðhelgi einkalífs

Með friðhelgi einkalíf er fyrst og fremst átt við rétt manna til að ráða sjálfir yfir lífi sínu og líkama sem og rétt til að njóta friðar um einkahagi og lifnaðarhætti. Þá hefur verið litið svo á að undir ákvæðið falli einnig tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra.⁹

⁶ Gunnar Thoroddsen (n. 2) 45.

⁷ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi* (Codex 2008) 285.

⁸ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur : meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997) 110.

⁹ Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, um 9. gr., mgr. 10.

Friðhelgi einkalífs er víðtækt hugtak og þrátt fyrir að friðhelgi heimilis og fjölskyldu sé einnig talin upp er friðhelgi einkalífs einskonar yfirhugtak og í því hugtaki felast þau atriði sem eftir koma, þ.e. heimili og fjölskylda.¹⁰

Krafan um friðhelgi einkalífsins felur ekki eingöngu í sér að ríkið gangi ekki á rétt einstaklings til friðhelgis, heldur er ríkinu einnig skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra. Með því er þá átt við skyldu ríkis til þess að réttindum einstaklinga er með vissu leyti veitt vernd með ákvæðum refsilaga, en þannig verða brot annarra einstaklinga á þessum réttindum refsiverð.¹¹

2.1.2 Samspil 71. gr. og 73. gr. stjórnarskrár

Það sem helst á reynir vegna takmarkana á friðhelgi einkalífs snýr að jafnvægi milli þess og annarra stjórnarskrárverndaðra réttinda og á þá helst við um tjáningarfrelsið.¹² Tjáningarfrelsi er varið í 73. gr. stjórnarskrár en þar segir að allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Ákvæði þetta er ekki laust við takmarkanir er svo segir í 2. mgr. ákvæðisins: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi.“ Ákvæðið veitir vernd í ríkum mælum og þá bæði efnislega sem og formlega. Þá getur hin verndaða tjáning beinst að hvaða málefni sem er.¹³ Ákvæði 73. gr. stjórnarskrár á uppruna sinn, líkt og 71. gr. Stjórnarskrár, í mannréttindasáttmála Evrópu en finna má sambærilegt ákvæði í 10. gr. sáttmálans.

Samspil ákvæða 71. gr. og 73. gr. stjórnarskrár skiptir miklu máli í úrlausnum meiðyrðamála. Niðurstaðan verður að ráðast af atvikum í hverju máli og þá er það vegið hvort hagsmunirnir veга þyngra þ.e. að njóta friðhelgis eða að viðhalda frjálsri umræðu um málefni sem geta varðað almenning.¹⁴ Þá þarf að finna hæfilegt jafnvægi milli tjáningarfrelsis og æruverndar, áherslan liggur í að þær takmarkanir á tjáningarfrelsi verða að uppfylla hin stjórnarskrármæltu skilyrði fyrir slíkum takmörkunum. Þegar reynir á miskabætur vegna ólögmeðrar meingerðar gegn æru er ekki vafi á að fyrstu tvö skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár eru uppfyllt þar sem takmörkunin byggist skýrt á lögum þ.e. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Fellur takmörkunin því undir eitt af markmiðum sem heimiluð eru í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár, enda er lagasetning til

¹⁰ sama heimild, um 9. gr., mgr. 2.

¹¹ sama heimild, um 9. gr., mgr. 3.

¹² Björg Thorarensen (n. 7) 305.

¹³ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (n. 8) 64.

¹⁴ Björg Thorarensen (n. 7) 305.

verndar réttinda eða mannorðs annarra. Það skilyrði sem helst reynir á er hvort takmarkanir séu nauðsynlegar og hvort þær samræmist lýðræðishefðum.¹⁵

2.2 XXV. kafli hegningarlaga

Í frumvarpi til breytingar á stjórnarskrá kemur fram að ákvæði stjórnarskrá til verndar friðhelgis dugi ekki til. Er þar tiltekið að löggjafinn þurfi að setja reglur til verndar einstaklingum, þá helst til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra. Þá var helst tilgreint að skylda væri að veita þessum réttindum vernd með refsíákvæðum.¹⁶ Líkt og áður hefur verið skýrt í kafla 1 hefur ærunni verið veitt vernd í lögum frá tíma Grágás og hafa verið ákvæði í XXV. kafla hegningarlaga um brot gegn æru, persónu og friði aðila frá setningu þeirra 12. febrúar 1940. Þrátt fyrir þau lagaákvæði sem gildandi voru þegar frumvarp til breytingar á stjórnarskrá var gert, var það tekið fram að skylda væri á ríkinu að slík löggjöf væri til staðar. Um XXV. kafla hegningarlaga segir í frumvarpi því, er varð að hegningarlögum, að þar sé safnað saman ákvæðum um brot gegn friðhelgi einkalífs og æru.¹⁷ Í ákvæðum XXV. kafla hegningarlaga er að finna úrræði borgara gegn meiðandi ummælum og ólögmætri meingerð. Þau ákvæði kaflans sem reynir hvað helst á vegna umfjöllunar kafla 3 eru ákvæði 229. gr., 234., gr. 235. gr., 236. gr. og ákvæði 1. og 2. mgr. 241. gr. sem skýrð verða nánar hér í köflum 2.2.1 og 2.2.2.

2.2.1 241. gr. hegningarlaga

Þegar svo stendur til, að æra manns hafi sætt hnekktum sökum ummæla annarra, getur sá sem misgert var við krafist þess að þau óviðurkvæmilegu ummæli sem um hann voru höfð séu ómerk. Heimild til ómerkingar ummæla var tekin upp í íslenskum rétti með tilskipun 9. maí 1855 um prentfrelsi. Reglan var þar á eftir tekin upp í 220. gr. hegningarlaga árið 1869 sem síðan varð að 241. gr. hgl árið 1940 og stendur hún þar óbreytt í dag. Ómerkingin sem slík kom þó ekki fyrst til með tilskipuninni frá 1855, heldur þróast hún í gegnum árin án beinnar lagaheimildar.¹⁸ Núgildandi ákvæði frá 1940, er heimildar ákvæði til að fá leiðrétt ærumeiðandi ummæli sem og greiddar bætur vegna óviðurkvæmilegra ummæla, hljóðar svo:

Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

¹⁵ Eiríkur Jónsson (n. 3) 39.

¹⁶ Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, um 9. gr., mgr. 3.

¹⁷ Alþt. 1939, A-deild 309 392.

¹⁸ Gunnar Thoroddsen (n. 2) 289.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendu jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

Ómerking ærumeiðinga er yfirlýsing í dómi um það að ákveðin ummæli hafi ekki við rök að styðjast og skuli vera marklaus.¹⁹ Lögfræðiorðabók skýrir hugtakið þannig að það þýði að ógilda ummæli formlega. Í dómi er því þá lýst að nánar skuli því telja þau marklaus eða dauð og ómerk eins og stundum er tekið til orða.²⁰ Ummæli sem ómerkja skal þurfa að vera óviðurkvæmileg, samanber 241. gr. hegningarlaga og beinast að tilgreindum aðila eða aðilum en ummæli geta ekki verið almenns eðlis.

Tilgangur ómerkingar er að réttlæta hin ærumeiðandi ummæli og veita þeim sem þau beindust að uppreisn. Ómerking ummæla undirstrikar það að ummæli séu órökstudd, að þau skuli ómerk og að sá sem ummælin beindust að haldi heiðri sínum. Ómerking ummæla hefur verið líkt við sýknu dóm, af Gunnari Thoroddsen, þá á þann veg að sá sem ummælum er beint af er sýkn af því athæfi eða þeim eiginleika sem hann er sakaður um.

Ómerking á sér þá einnig stað þrátt fyrir að ekki sé unnt að refsa fyrir ærumeiðingu. Hefur þá ómerkingin það hlutverk að veita uppreisn, þrátt fyrir að mælanda verði ekki refsað.²¹ Það að ómerkja ummæli, þrátt fyrir að refsing sé ekki gerð, má sjá í mörgum dómum má þá nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 383/2012. Þar segir dómurinn: „Í réttarframkvæmd hefur lengi verið litið svo á að leiðrétting rangra ummæla og afsökunarbeiðni þess, sem þau viðhafði, eigi að hafa réttaráhrif að því leyti að milda eða fella niður refsingu fyrir ummælin.“ Í því máli voru hinsvegar bæði ómerk ummæli og dæmdar miskabætur.²²

2. mgr. 241. gr. hegningarlaga

Ákvæði 2. mgr. 241. gr. hegningarlaga er heimildarákvæði til að leiðrétta þau ómerku ummæli sem birst hafa í opinberri umfjöllun. Hafi ummæli fallið á opinberum vettvangi og víða verið dreift má lagfæra þau ummæli með að birta leiðrétt ummæli og afsökunarbeiðni til þess sem ummælin voru um eða birta forsendur dóms og niðurstöðu

¹⁹ sama heimild.

²⁰ Páll Sigurðsson (ritstj.), *Lögfræðiorðabók: með skýringum* (Codex 2008) 318.

²¹ Gunnar Thoroddsen (n. 2) 289.

²² Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/212.

hans og þannig reynt að ná til þeirra sem hafa lesið hin röngu ummæli. Ákvæðið hljóðar svo:

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

Ákvæði þetta heimilar stefnanda að krefja stefnda til þess að kosta birtingu dóms í fjölmiðlum. Séu ummæli ómerk en sú ómerking ummæla nær ekki til almennings verður að telja að hlutverki ómerkingar hafi ekki verið náð. Því má telja það skipta máli fyrir stefnanda að ummælin séu leiðrétt eða forsenda dóms birt til að hreinsa mannorð eða æru stefnanda.

2.2.2 Önnur ákvæði hegningarlaga

Í XXV. kafla hegningarlaga má finna refsíákvæði vegna brota gegn æru, persónu eða friði manns. Ákvæði kaflans sem snerta brot af því tagi tengjast útbreiðslu ummæla og ærumeiðingum svo sem móðgun og aðdróttun.

Ákvæði 229. gr. hegningarlaga er refsíákvæði vegna opinberra ummæla um einkamálefni annars manns og hljóðar ákvæðið svo:

Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða [fangelsi] allt að 1 ári.

Hvað andlag einkamálefna er, getur verið breytilegt eftir tíðaranda, í riti Jónatans Þórmundsson sem gefið var út 1976 flokkaði hann andlag einkamálefna í þrjá flokka. Flokkun hans hefur enn nokkuð gildi þó margt af upplistuðum atriðum þar sé ekki talið til einkamála í dag. Flokkun Jónatans er þessi: a) heimili og fjölskyldulíf, innan þessa flokks má nefna atriði líkt og fjölskylduerjur, skilnaðarmál, uppeldisvandamál o.fl. b) Hrein persónumálefni líkt og framhjáhald, sjúkdóma, sjálfsmorðstilraunir o.fl. og síðast c) fjármál, skattamál, atvinnulíf o.fl., þessi flokkur á ef til vill mest erindi til almennings en hvort aðili uppfyllir kröfur um starf er þó eitthvað sem gæti enn í dag talist sem einkamál aðila.²³

²³ Jónatan Þórmundsson, „Brot gegn friðhelgi einkalífs“ [1976] (4) Tímarit lögfræðinga 147, 161.

Ákvæði 234. gr. hegningarlaga er refsíákvæði gagnvart móðgunum og hljóðar ákvæðið þannig:

Hver sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hugtakið móðgun er ekki skilgreint í sjálfum lögnum né í lögskýringagögnum, fellur það því í hendur dómara að dæma um hvað felist í hugtakinu. Í almennri málnotkun virðist móðgun falið í háttsemi sem beint er að öðrum manni og lýsir einhverri óvirðingu eða fyrirlitingu. Móðgun getur verið beint að sjálfsvirðingu manns og verið til þess fallin að hafa áhrif á skoðanir annarra á þeim sem móðgunin beinist að.²⁴

Hinn flokkur ærumeiðinga, aðdróttanir, er veittur vernd í refsíákvæði 235. gr. hegningarlaga og hljóðar ákvæðið þannig:

Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Aðdróttun er að vissu leiti skilgreint í ákvæðinu sjálfu, líkt og sést hér að ofan, en aðdróttun er fólgin í meinyrði eða ásökun á hendur öðrum manni um eitthvað, „sem verða myndi virðingu hans til hnekkis“, líkt og ákvæðið orðar það. Með aðdróttun er hægt að særa sjálfsvirðingu þess, sem aðdróttunin beinist að og skaða mannorð hans. Mannorðsskaði er væntanlega oft tilgangur aðdróttana, þannig að aðili er sakaður um refsiverða hegðun og slíkur rógburður myndi oft fela í sér ærumeiðingar.²⁵

Ákvæði 1. og 2. mgr. 236. gr. hegningarlaga hljóðar svo:

Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það ... fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum ... eða fangelsi allt að 2 árum.

Ákvæði 1. mgr. 236. gr. snýr að mun alvarlegri aðdróttun en 235. gr. enda má sjá mun á refsipýngd en við brotum gegn 1. mgr. ákvæðisins liggur allt að tveggja ára fangelsisvist og það sama er að segja um 2. mgr. ákvæðisins þar sem refsing gegn brotum á þeirri grein varðar sekt eða allt að tveggja ára fangelsisvist.

²⁴ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (n. 8) 199–200.

²⁵ sama heimild 200–201.; Einar Arnórsson, „Meiðyrði og meiðyrðamál“ [1952] *Tímarit lögfræðinga* 123, 127.

2.3 B. liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga

Fyrir tilkomu skaðabótalaganna var heimild til greiðslu bóta vegna refsverðrar meingerðar gegn æru í 264. gr. hegningarlaga sem hljóðaði svo:

Nú á maður að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, eða maður hefir reynzt sekur um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns eða aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, og má þá dæma hann til að greiða þeim, sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón, ef því er að skipta, fégjald fyrir tjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óþrýði, svo og fyrir röskun á stöðu eða högum.²⁶

Með tilkomu skaðabótalaga nr. 50/1993 var ákvæði 264. gr. hegningarlaga felld úr gildi og var b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga ætlað að leysa af hólmi „maður hefir reynzt sekur um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns“.²⁷ Var þessi heimild til að fá greiddar miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru því færð úr hegningarlögum yfir í skaðabótalög. Í skaðabótalögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði sem vísar til „aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi,“ en í frumvarpinu var það skýrt að vegna hálftrar aldar reynslu af þessari heimild hafi ekki mikið bent til þess að það sé þörf á sérstakri reglu fyrir slík ófjárhagsleg tjón.²⁸ En þegar ákvæði b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga tók gildi þann 1. júlí 2003 hljóðaði það svo:

Sá sem ábyrgð ber á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skal greiða þeim sem misgert er við miskabætur.

Breytingar hafa verið gerðar á skaðabótalögum og með lögum nr. 37/1999 var b.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga breytt, en eftir þá breytingu hljóðar ákvæðið nú:

Heimilt er að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Til að fá greiddar miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru þarf að nýta heimild b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og verða hugtök ákvæðisins skýrð hér að neðan í köflum 2.3.1., 2.3.2., 2.3.3. og 2.3.4.

Í frumvarpi að lögum um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, samanber lög nr. 42 13. maí 1996, var sett fram sú tillaga að við ákvörðun miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga að sérstök áhersla væri lögð á að bótafjárhæðir samkvæmt ákvæðinu eigi að ákvarðast samkvæmt því sem sanngjarnt þykir hverju

²⁶ Almenn hegningarlög, nr. 19/1940 Stjtið 1940. A-deild, 18, 59.

²⁷ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, um 29. gr.

²⁸ sama heimild, um 26. gr.

sinni, þ.e. að mat sé gert á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Í frumvarpinu var það einnig nefnt í tengslum við ákvörðun bóta, að hafa skyldi það í huga hvert umfang tjóns væri, hver sök tjónvalds hafi verið og hver fjárhagsstaða tjónvalds væri.²⁹

2.3.1 Heimildarákvæði

Ákvæði 1. og 2. mgr. 264. gr. hgl, sem felld voru úr gildi með tilkomu skaðabótalaga, vísuðu til þess að heimilt væri að dæma bætur vegna miska en með tilkomu ákvæðis 26. gr. skaðabótalaga varð það skylt, ef önnur almenn bótaskilyrði voru fyrir hendi, í frumvarpi til skaðabótalaga er ekki að finna lýsingu hvers vegna ákveðið var að breyta úr því að hafa það heimilt að dæma miskabætur í að það væri skylt að dæma miskabætur þegar önnur bótaskilyrði voru uppfyllt. Þá var fallið frá því að refsiverð meingerð væri skilyrði til að réttur til bóta vegna ófjárhagslegs tjóns vegna meingerðar gegn persónu, friði eða æru stofnist en næginlegt þótti að um ólögmæta meingerð væri að ræða. Þannig var vernd gegn brotum á friðhelgi einkalífs aukin til muna og voru það rökin fyrir lagasetningunni að þörf væri á að vernda þessi gæði í ríkari mæli en áður hafi verið gert.³⁰

Breyting var síðan gerð á 26. gr. skaðabótalaga samanber 13. gr. laga nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum. Með breytingunni var bætt við 26. gr. skaðabótalaga og kemur fram í greinagerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 37/1999 að lagt sé til að heimild til ákvörðunar miskabóta verði rýmkuð.³¹ Þá var orðalagi ákvæðisins breytt á þann veg að nú felur það í sér heimild til að dæma miskabætur, líkt og var í 264. gr. hegningarlaga, í stað þess að það væri skylda líkt og 26. gr. skaðabótalaga gaf til kynna í upphafi. Orðabreyting var ekki skýrð frekar í frumvarpinu né var um þessa orðabreytingu fjallað í umræðum málsins á Alþingi.

2.3.2 Ólögmæt meingerð

Sú miskabótaheimild sem b. liður 26. gr. skaðabótalaga felur í sér gerir þá kröfu að um ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu sé að ræða. Sé meingerð beint að einhverju þeirra atriða sem nefnd eru í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga virðist það falla undir það sama, en þannig er ekki gerður greinarmunur á því að hvaða atriði meingerðin beinist. Ekki er auðvelt að skilja á milli ólögmætrar meingerðar gegn æru

²⁹ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál, um 13. gr.

³⁰ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, um 26. gr.

³¹ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál, um 13. gr.

eða persónu og virðist sem ákvæðið sé í raun notað með fremur ónákvæmum hætti í dómum, það er án þess að vísað sé til þess hvert andlag meingerðarinnar er. Segja má að það sé fremur fræðileg heldur en hagnýt þýðing að reyna að afmarka hugtakið meingerð gegn æru frá meingerð gegn frelsi friði eða persónu.³²

Hvað felst nákvæmlega í hugtakinu ólögsmæt meingerð virðist vera eitthvað á reiki en svo virðist sem um beina þýðingu á hugtakinu „retsstridig krænkelse“ úr 26. gr. dönsku skaðabótaganna sé að ræða.³³ Hugtakið ólögsmæti hefur verið skilgreint í norrænum rétti sem mannleg háttsemi sem brýtur gegn réttarreglum.³⁴ Ekki er það skýrt hvaða sjálfstæða þýðingu ólögsmæti hefur í ákvæðinu en er það ályktun Viðars Mús Matthíassonar að orðinu hafi verið komið fyrir í ákvæðinu sem einhvers konar áhersluauka á saknæmisstigið, sem þó fari illa saman við það að ólögsmætisskilyrðið telst venjulega hlutlægt en ekki huglægt.³⁵ Hugtakið meingerð er skýrt í Lögfræðiorðabók sem illur verknaður, sem geti bæði falist í orði eða athöfn.³⁶ Í frumvarpi til skaðabótaga er hugtakið „ólögsmæt meingerð“ skýrt að nokkru leyti en þar segir:

Í skilyrði 26. gr. um ólögsmæta meingerð felst að um saknæma hegðun sé að ræða. Gáleysi mundi þó þurfa að vera verulegt til þess tjónsáttvik yrði talið ólögsmæt meingerð. Hugtak þetta mundi t.d. ekki taka til smávægilegra hrekkja eða stríðni.

Svo virðist sem grundvallaratriði varðandi ólögsmæta meingerð gegn æru sé saknæm hegðun, á ákveðnu grófleika stigi sem þó er erfitt að afmarka, sem bitnar á æru annarra manna og þarf þessi háttsemi að fela í sér ásetning eða verulegt gáleysi.³⁷ Hvað felst í ásetningi og gáleysi og hvaða munur er þar á milli má helst skýra með að í gáleysi felst að það er huglægt afstaða manns, sem felst í vilja hans. Með vilja, er ekki átt við vilja til að valda tjóni heldur er átt við vilja til að hegða sér á ákveðinn hátt eða sýna af sér ákveðna háttsemi án þess að vera þvingaður til ákveðinnar háttsemi, sem síðan veldur tjóni. Gáleysi er þannig að aðili hefur fremur óljósa hugmynd um að hegðun hans gæti leitt til tjóns eða að aðili hefur ekki sýnt af sér þá varkárni sem almennt er ætlast til eða jafnvel hafi aðili vikið frá viðurkenndri háttsemi sem ákveðin er með réttarreglum.³⁸ Líkt og Viðar Mús Matthíasson hefur skýrt hugtakið þá þarf háttsemin að stýrast af viljanum.

³² Eiríkur Jónsson (n. 3) 30–31.

³³ sama heimild 31.

³⁴ Anders Vinding Kruse, *Erstatningsretten* (5. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1989) 444.

³⁵ Viðar Mús Matthíasson (n. 5) 116.

³⁶ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók* (n. 20) 284.

³⁷ Eiríkur Jónsson (n. 3) 32.

³⁸ Viðar Mús Matthíasson (n. 5) 146–147.

Viðar lýsir viljanum sem huglægum þætti en háttseminni sem hlutlægum. Skýrir hann mörkin milli gáleysis og ásetning þannig að huglægi þátturinn megi ekki ná lengra en tiltekin háttsemi, það má ekki vera vilji til að valda tjóni til að falla undir gáleysis hugtakið. Sé slíkur vilji til staðar erum við komin út fyrir mörk gáleysis og um ásetning er þá að ræða.³⁹ Í frumvarpi til skaðabótalaga er það skýrt að gáleysi yrði að vera verulegt, með því er líklegast átt við að það frávik frá viðurkenndri háttsemi sé alvarlegra en almennt gáleysi fæli í sér. Munur á almennu gáleysi og stórkostlegu eða verulegu gáleysi þarf ekki að vera ljós heldur felst hann í einhverjum stigsmun. Hafa Hæstaréttardómar fallið þar sem slegið er því á fast að aðili hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi án þess þó að augljós þýðing sé þar að baki.⁴⁰

2.3.3 Æra

Hugtakið æra er helst lýst með stöku orði líkt og heiður, sómi, virðing, Þá má einnig finna því lýst sem persónulegt gildi manns, manngildið sjálft og mannkostir.⁴¹ Hugtakið æra í lagamáli er það verðmæti, sem afbrotið ærumeiðing beinist gegn, eða andlag ærumeiðinga. Hvert andlag ærumeiðinga er fæst samt ekki skýrt nema með skilningi á hugtakinu æra. Fræðimenn eru ekki allir á eitt sammála um inntak hugtaksins né á hvaða hátt það skuli skýrt. Þá skýrði Gunnar Thoroddsen í dokstorsritgerð sinni Fjölmæli hugtakið æru í fjórum liðum þ.e:

Í fyrsta lagi þátt af persónugildi manns, svipað og heiður samanber þegar sagt er, að eitthvað sé blettur á æru manns. Í öðru lagi tilfinningu manns fyrir heiðri sínum, sómatilfinningu; kemur það m.a. fram í orðinu „ærulaus“ og orðtakinu: að geta eigi gjört eitthvað „æru sinnar vegna“. Í þriðja lagi merkir æra dóm eða alit annarra um tiltekinn mann, og er sú marking algengust. Í fjórðalagi tákna æra þann heiðarleik, sem er skilyrði fyrir nautn ýmissa borgaralegra og pólitískra réttinda; [...].⁴²

Ærumeiðing

Ærumeiðing er refsiverð háttsemi fólgin í árás á sjálfsvirðingu manns og/eða virðingu annarra fyrir honum.⁴³ Árásin getur verið atburður eða aðdróttanir sem valda því að æra manns bíður álitshnekki frá almenningi. Ærumeiðing getur falið í sér árás á

³⁹ sama heimild 147.

⁴⁰ sama heimild 161.

⁴¹ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók* (n. 20) 518.

⁴² Gunnar Thoroddsen (n. 2) 127.

⁴³ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók* (n. 20) 518.

sjálfsvirðingu manns eða virðingu annarra fyrir þeim manni.⁴⁴ Með ærumeiðingu er átt við árás á þau lífsgæði sem felast í hugtakinu æra. Ekki skiptir þá máli hvort hún feli í sér áburð eða aðdróttun um eitthvað sem leitt getur til álitshnekkis, móðgun með orðum látæði, myndum eða hvað eina annað, eða að hún sé fólgin í útbreiðslu áburðar eða frásögn um móðgun gegn tilteknum aðila.⁴⁵

Æruvernd

Æra manna nýtur allríkrar verndar að íslenskum lögum en þó er það ekki manngildið eða mannkostirnir sem lögverndin snýr að, heldur eru það hugmyndir, álit eða dómur um þetta gildi mannsins.⁴⁶

2.3.4 Þann sem ábyrgð ber á

Í b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga segir: „að láta þann sem ábyrgð bar á ólögmati meingerð“. Þannig þarf sá sem ber bótaábyrgðina ekki sjálfur að hafa látið ummælin falla heldur gildir hin ólögfasta meginregla skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð um ólögmeta meingerð. Þannig er ekki nauðsynlegt að sá bótaskyldi sé sjálfur sekur um ummælin heldur getur ábyrgð á meingerð fallið á ritstjóra eða fjölmiðil fyrir að birta ólögmeta meingerð, enda séu önnur skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð til staðar.⁴⁷

2.3.5 Skaðabætur

Skaðabætur eru peningagreiðsla sem ætlað er að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og tjón hans hefði ekki orðið.⁴⁸ Sú meginregla er gildandi í skaðabótarétti að bætur fást aðeins greiddar fyrir fjártjón, þ.e. tjón sem metið er til peninga eftir almennum og hlutlægum mælikvarða. Ófjárhagslegt tjón ætti ekki að vera bætt nema með sérstakri lagaheimild.⁴⁹ Kom það skýrt fram í dómi Hæstaréttar nr. 457/2002 en þar var stefndi sýknaður þar sem miskabótakrafa stefnanda skorti lagaheimild.⁵⁰

⁴⁴ Björn Þ. Guðmundsson og Stefán Már Stefánsson, *Lögbókin þín* (2. útgáfa, Örn og Örlygur 1989) 555.

⁴⁵ Einar Arnórsson (n. 25) 124.

⁴⁶ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók* (n. 20) 518.

⁴⁷ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, um 26. gr.

⁴⁸ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (n. 8) 199.

⁴⁹ Eiríkur Jónsson (n. 3) 29.

⁵⁰ Hrd. 15. maí 2003 í máli nr. 457/2002.

Miskabætur

Orðið miskabætur merkir fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón sem einstaklingur verður fyrir vegna háttsemi annars aðila og verður ekki metið eftir almennum mælikvarða. Í frumvarpi því er varð að skaðabótalögum má skipta ákvæðum um ófjárhagslegt tjón í tvennt. Annars vegar er átt við tjón af völdum líkamsspjalla líkt og varanlegur miski og hins vegar er um að ræða tjón vegna ólögmætrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns, sem fellur undir 26. gr. skaðabótalaga.⁵¹ Prófessor Ólafur Jóhannesson skilgreindi miska í grein sinni Fjártjón og miski þannig:

að miski sé tjón, sem ekki verður metið til peninga eftir almennum mælikvarða. Hann er því fólgin í skerðingu hugrænna gæða, sem ekki hafa hlutlæga tilveru utan réttshafans eða eru svo bundin við einstakling þann, er þeirra nýtur, að jafn erfitt er að meta þau til fjár sem hin fyrrnefndu.⁵²

Mörk miska og fjártjóns geta virst óljós og má greina mismunandi skoðanir fræðimanna um mörk og skilgreiningar þessa hugtaks. Þó að miskabætur teljist að forminu til bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, geta sjónarmið um fjártjón haft áhrif á niðurstöðu upphæða miskabóta vegna meintra ærubrota. Í skrifum norrænna fræðimanna, svo sem bókinni *Ærekrenkelser* eftir Henry Mæland, má til að mynda greina það sjónarmið að miskabætur hafi það hlutverk að bæta fjártjón sem tjónþoli hefur beðið en getur ekki sýnt fram á. Með sama hætti má greina að sjónarmið um miskabætur vegna ófjárhagslegs tjóns eru höfð í huga þegar bótaupphæðir vegna fjártjóns eru ákvarðaðar.⁵³

Þrátt fyrir að mörkin séu ekki alltaf skýr er eðli bótanna ólíkt. Skaðabótum er ætlað að bæða fjárhagslegt tjón með fégreiðsu. Hins vegar er hlutverk miskabóta meira í þá átt að vera tjónþola sárabót fyrir tjónið og var það skýrt í bók Henry Mæland, *Ærekrenkelser* sem eins konar plástur á sárið.⁵⁴

⁵¹ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, almennar athugasemdir, k. 3, mgr. 3.

⁵² Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og miski“ [1947] *Úlfjótur* 3, 11.


⁵³ *Eiríkur Jónsson* (n. 3) 29.

⁵⁴ sama heimild.

3. Dómaframkvæmd


Til að svara þeim spurningum sem leituðu á höfund og settar hafa verið fram í ritgerð þessari var farið í dómarrannsókn og dómur skoðaðir þar sem krafa um ómerkingu ummæla var sett fram. Skoðaðir voru dómur Hæstaréttar frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2014 sem og héraðsdómur frá 1. janúar 2008 til 1. janúar 2014. Úrtak rannsóknar náði yfir 71 mál, í þeim málum var það sameiginlegt að framlögð krafa snéri að ómerkingu ummæla. Með rannsókn var litið til annarra krafna sem settar voru fram í málunum þá hvort lögð var fram krafa um kostnað til birtingar forsenda og dómsorða, hvort lögð væri fram krafa um refsingu, hvort ávallt væru settar fram kröfur um miskabætur, hver fjárhæð miskabótakröfu var og hversu háar fjárhæðir voru dæmdar. Þá var athugað hvort miskabætur kæmu alltaf til hafi dómstóllinn fallist á kröfu um ómerkinu ummæla. Þá var fundið meðaltal bótakrafna og meðaltal dæmdra bóta og hlutfall bóta af framlagðri kröfu.

Af þeim 71 málum sem rannsókn tók til, var fallist á ómerkingu ummæla í 44 málum. Þar af voru 21 mál⁵⁵ af 30 málum hjá Hæstarétti eða í 70% tilvika og 23 málum af 41 máli hjá héraði eða í 56% tilvika.



Mynd 1 Fjöldi mála þar sem dómur féllst á kröfu um ómerkingu ummæla

⁵⁵ Í einu máli voru aðalstefnendur tveir og stefndu tveir sem settu síðan fram gagnkröfu gegn öðrum af aðalstefnanda um miskabætur og ómerkingu ummæla, þannig voru í þeim dómi 4 mál um ómerkingu ummæla og miskabætur vegna þeirra. Því má lesa úr öðrum niðurstöðum að dæmt hafi verið í fleiri málum hjá Hæstarétti en 21.



Mynd 2 Hlutfall dóma þar sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla

Líkt og af mynd 1 og mynd 2 má sjá eru ummæli ekki dæmd ómerk í hverju tilviki sem þess er krafist. Þau ummæli sem ómerk eru þurfa að innihalda ólögsmæta meingerð, þ.e. ummælin þurfa að vera ærumeiðandi eða fela í sér aðdróttun. Almennt má telja að í þeim tuttugu og þrem málum þar sem dómstóll féllst ekki á ómerkingu ummæla, hafi ummælin verið almenn eðlis, þau hafi ekki fjallað um eða verið beint að þeim er málið höfðaði, ummælin hafi falið í sér gildisdóma eða verið þess eðlis að umfjöllun um málefnið hafi átt erindi til almennings, þá oft sökum tíðaranda og geta þau rök verið sterkari en friðhelgi einkalífs. Aðrar ástæður geta snúið að aðildarleysi, þ.e. að röngum aðila hafi verið stefnt að þola ómerkingu, sannindi ummæla skipta máli og fyrri umfjallanir um málefni geta leitt til þess að dómstólar falli ekki á kröfu um ómerkingu ummæla. Þannig voru aðstæður í máli Hæstaréttar frá 18. október 2012 nr. 673/2011 að krafist var ómerkingar á ummælum sem stefnandi taldi vera sérlega grófar ærumeiðingar og aðdróttanir gagnvart honum. Hæstiréttur féllst hins vegar á það með héraðsdómi að ummælin fælu í sér gildisdóma, þau hafi þó verið sett fram af smekkleysi og með þeim hafi verið djúpt tekið í árinna. Þrátt fyrir að ekki hafi verið þörf á þessari orðafæri í umræðunni, var fallist á með stefnda að ummælin hefðu nægileg tengsl við staðreyndir og var því hafnað kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra.

Út frá dómarannsókn má álykta að miskabótagrundvöllur samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga vegna ólögsmætrar meingerðar gegn æru, persónu eða friði komi fyrst til greina fallist dómur á kröfu um ómerkingu ummæla. Þannig var í öllum þeim málum sem rannsókn tók til fyrst skoðaður bótagrundvöllur eftir að ummæli voru felld undir 241. gr. hgl um ómerkingu. Tilgangur ómerkingar ummæla er að réttlæta hin ærumeiðandi ummæli og veita þeim sem þau beindust að uppreisn æru. Ef ummæli fela ekki í sér ólögsmæta meingerð verður að telja að þau séu ekki þess eðlis að valda eða

auka miska á mannorði, heiðri eða æru aðila og komi því ekki til bótagrundvallar þeirra vegna. Almennu verður að telja að ekkert standi því í vegi að höfða miskabótamál vegna ærumeiðandi ummæla eða aðdróttun þó ekki sé lögð fram krafa um ómerkinu ummæla. Slík mál hefur eflaust ekki reynt á hjá dómstólum enda má velja því upp hvort bótagreiðsla ein og sér myndi laga þann miska sem til hefur fallið vegna ummæla ef ummælin væru enn til staðar í opinberri dreifingu.


3.1 Hvaða krafa er sett fram í ærumeiðingamálum?

Vegna brota gegn æru, friði eða persónu aðila getur farið svo að mannorð þeirra skaðist eða sæti hnekkjum og var með rannsókn leitað að þeim kröfum sem settar eru fram í dómsmálum vegna slíkra brota. Úrtak rannsóknar náði yfir mál með framlagða kröfu um ómerkingu ummæla. Hvaða kröfur voru lagðar fram samhliða þeim voru ekki ávallt þær sömu en litið var til þess, hvort gerð væri krafa um birtingu forsenda og niðurstöðu dóms í fjölmiðlum og hvort krafist væri refsingar vegna brota gegn æru, friði eða persónu. Þá var litið til þess hvort ávallt væru gerðar kröfur um miskabætur samhliða kröfu um ómerkingu ummæla og þá hvaða fjárhæð bóta var krafist.

3.1.1 Krafa um birtingu forsenda og niðurstöðu dóms

Í því 71 mála úrtaki, sem rannsókn fór yfir, var í mörgum málum lögð fram sú krafa að stefnda yrði gert að greiða fyrir birtingu dómsorða, þá helst forsendur og niðurstöður dómsins í fjölmiðlum eða að stefndi sjálfur sjái um birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms í fjölmiðlum, samanber heimild 2. mgr. 241. gr. hegningarlaga

Þegar þeir 21 dómur Hæstaréttar, sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla, voru skoðaðir mátti sjá að í nítján málum var lögð fram krafa um greiðslu til birtingar eða að forsendur og niðurstöðu dóms yrði birt í þeim fjölmiðli sem hin umdeildu ummæli birtust í.



Mynd 3 Kröfur og dómar um birtingu forsenda og niðurstöðu dóms

Í þeim nítján málum, sem krafa um birtingu forsenda og niðurstöðu dóms var lögð fram, var í ellefu málum fallist á þá kröfu og stefndi dæmdur til greiðslu fjárhæðar til stefnanda til að kosta birtinguna. Algengasta fjárhæð sem var dæmd til birtingar forsenda og niðurstöðu dóma, sem er sú sama hjá Hæstarétti og héraði, var 200.000 krónur. Í þeim ellefu málum sem fallist var á kröfu um birtingu forsenda og niðurstöðu dóms var ekki ávallt fallist á fjárgreiðslu vegna þeirra efna en dómstólar beittu öðru úrræði til að ná fram sömu niðurstöðu. Það úrræði skyldar stefnda, sem er oftast en ekki starfsmaður fjölmiðils eða sjálfur fjölmiðillinn, að birta forsendur og niðurstöðu dómsins í fjölmiðli þeim er umdeildu ummælin voru birt í. Ekki taldi dómurinn ávallt vera efni til þess að stefndi yrði dæmdur til greiðslu vegna birtingar eða gert að birta dómsorð, almennt má telja ástæður þess séu að krafa sé haldin formgöllum, kröfunni ekki gerð nægileg skil í ákæru eða ummæli hafi ekki verið birt á þann máta að þess sé þörf að birta ómerkingu ummæla fyrir almenning.

Í dómi Hæstaréttar frá 6. desember 2012 í máli nr. 314/2012 gerði stefnandi kröfu um greiðslu til að birta forsendur og niðurstöðu dómsins að upphæð 400.000 krónur. Hérað dæmdi stefndu til að greiða stefnanda 200.000 krónur til að standa straum af birtingu á forsendum og niðurstöðu dómsins í tveimur dagblöðum auk þess var DV ehf. gert að birta forsendur og niðurstöðu dómsins í næsta tölublaði DV og næstu útgáfu dv.is eftir að dómurinn féll. Hæstiréttur staðfesti síðan niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu fjárhæðar vegna kostnaðar við að birta dóminn og forsendur hans í tveimur dagblöðum. Í málinu hafði stefnda verið sendur póstur til að leiðrétta ummæli áður en málshöfðun fór fram en stefnda fannst ekki tilefni til slíkrar leiðréttingar og má telja að dómurinn hafi litið til þessa þegar ákvörðun um greiðslu vegna birtingar forsenda og niðurstöðu dóms var tekin. Í dómi Hæstaréttar frá 5. mars 2009 í máli nr. 328/2008 var einnig krafist að forsendur og dómsorð í máli yrðu birt í næsta tölublaði Vikunnar eftir

að dómur félli og að stefndu yrðu dæmd til greiðslu 480.000 krónur til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms, þ.e. forsenda dómsins og dómsorða í þremur dagblöðum. Hæstiréttur ákvað að stefndu yrði gert að birta forsendur og niðurstöðu dómsins í næsta tölublaði Vikunnar sem kom út eftir uppsögu dómsins en hafnaði kröfu um greiðslu kostnaðar vegna frekari birtingar. Ekki var tilvísun í nein ákveðin atriði sem höfðu getað haft áhrif á hvers vegna ekki fannst tilefni til greiðslu á frekari kostnaði vegna birtingar. Telja má að ástæða þess sé að greinin hafi einungis verið birt í vikunni og að útbreiðsla hennar hafi ekki verið mikil og að birting í vikunni ætti að ná til allra þeirra er lásu hina upprunalegu grein þar sem hin ómerku ummæli komu fram. Í héraðsdómi Reykjaness 3. október 2012 í máli nr. E-1844/2011 var gerð krafa að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda 76.898 krónur til að kosta birtingu dóms í málinu, forsendur og dómsorð í DV og Morgunblaðinu. Stefnandi skýrði kröfu sína með því að miðað hafi verið við eina auglýsingu í hvoru blaðinu og vísaði í, sér til stuðnings, verðskrá fjölmiðlanna um kaup á hæfilegri auglýsingu. Féllst héraðsdómur á kröfuna og dæmdi stefnda til að greiða stefnanda 76.898 krónur til að kosta birtingu dómsins.

Þá var í dómi Hæstaréttar frá 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009 sett fram krafa að upphæð 800.000 krónur til birtingar dóms í þremur dagblöðum. Í héraði voru stefndu sýknuð af þeirri kröfu þar sem engin gögn voru lögð fram til stuðnings henni sem og að lítill hluti ummæla sem krafist var ómerkingar á voru dæmd dauð og ómerk. Vísaði héraðsdómur til þess að héraðsdómar eru birtir opinberlega og þótti ekki vera ástæða til þess að verða við þessari kröfu stefnanda. Í Hæstarétti var stefnda gert að strand straum af kostnaði við birtingu dómsins, með vísan til þess að stefnandi hafi ekki stutt kröfu sína með neinum gögnum var upphæð ákveðin 100.000 krónur sem þótti hæfileg fjárhæð vegna þessa kostnaðar.


Líkt og að ofan hefur verið greint fela ómerkingar dómar í sér ákveðinn sýknudóm fyrir stefnda og verður að telja að það að fá ummælin leiðrétt á opinberum vettvangi skiptir sköpum í að hreinsa mannorð og æru aðila. Þannig má telja að bætur fyrir birtingu forsenda og dómsorða skipta miklu máli og virðist sem þær eru dæmdar þrátt fyrir að sérstakar röksemdir séu ekki gerðar fyrir þeim kröfufólki.⁵⁶ Séu kröfufólk sérstaklega tilgreindir líkt og í dómi héraðsdóms Reykjaness 3. október 2012 í máli nr. E-1844/2011, þar sem fallist var á upphæð kröfu, hafði kröfunni verið stillt í hof en algengt er að krafist er upphæða á bilinu 400.000 – 600.000 krónur. Hæstiréttur hefur

⁵⁶ samanber Hrd. 18 febrúar 2010 í máli nr. 104/2009

þó tekið fram að eðlileg upphæð til birtingar forsenda og dómsniðurstöðu er 100.000 krónur.⁵⁷ Þá hafa dómstólar dæmt útgefanda blaða og annarra fjölmiðla til að birta forsendur og niðurstöðu dóma þrátt fyrir að útgefandinn sjálfur eigi ekki aðild að málinu, enda hvílir þessi skylda á þeim lögum samkvæmt samanber 1. og 2. mgr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.⁵⁸

3.1.2 Krafa um refsingu

Í því 71 mála úrtaki sem rannsókn tók til var samhliða kröfu um ómerkingu ummæla einnig krafist í fáeinum málum að stefnda yrði dæmd refsing. Refsing er dæmd á grundvelli 229. gr., 234. gr., 235. gr. og 236. gr. hegningarlaga en refsing fyrir ákvæði þessi er sekt, fangelsi að einu ári og fyrir brot gegn 236. gr. hgl er fangelsis vist allt að tveimur árum. Krafa um refsingu var þó ekki eins algeng og kröfur um miskabætur eða greiðslu til birtingar forsenda og niðurstöðu dóma.



Mynd 4 Kröfur og dómar um refsibýrgð

Í þeim málum sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla var í fjórum tilfellum krafist refsingar hjá Hæstarétti. Krafa um refsingu var þó í nokkrum tilfellum lögð fram í héraðsdómi, sem féllst ekki á kröfuna og var þeirri kröfu því ekki haldið uppi fyrir Hæstarétti. Í þeim fjórum málum sem krafa um refsingu var lögð fram taldi Hæstiréttur aldrei vera efni til refsibýrgðar. Þá tiltók Hæstiréttur það í einu máli⁵⁹ þar sem krafa um refsingu var ekki sett fram, að þó að krafa hefði komið fram um refsingu hefði ekki verið dæmd refsing. Ástæða þess var ekki sú sama í öllum málunum, en vísaði Hæstiréttur í 18. gr. hegningarlaga að ekki er refsað fyrir gáleysisbrot nema sérstök lagaheimild sé fyrir hendi.⁶⁰ Þá vísaði Hæstiréttur til 8. tl. 74. gr. og 2. mgr. sömu greinar um að fella

⁵⁷ Hrd. 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009, III. k., mgr. 8.

⁵⁸ Hrd. 31. maí 2012 í máli nr. 591/2011, IV. k., mgr. 8.

⁵⁹ Hrd. 31. maí 2012 í máli nr. 591/2011.

⁶⁰ Hrd. 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013.

megi niður refsingu ef bætt hefur verið fyrir tjón að fullu.⁶¹ Vísun í niðurfellingu refsingar er ekki að finna í öllum málum Hæstaréttar en einnig má finna í niðurstöðu dóma setningar á borð við að ekki eru efni til að dæma refsingu og refsikröfu stefnda því hafnað,⁶² að ekki séu efni til að dæma stefnda til refsíabyrgðar⁶³ og þótti dómurinn að almannahagsmunir stæðu ekki til þess að stefndu yrði refsað.⁶⁴

Í héraði hafa verið dæmdar refsingar og gerði slíkt í dómi Hæstaréttar frá 24. nóvember 2011 í máli nr. 100/2011. Þar krafði stefnandi staðfestingu héraðsdóms en þar hafði stefnda verið dæmd refsing. Talið var að stefndu hafi brotið gegn 229. gr. hegningarlaga og voru stefndu hvor um sig dæmdir til greiðslu 150.000 króna sekt í ríkissjóð annars yrði þeim gert að sitja 12 daga í fangelsi. Vísaði héraðsdómur til þess að stefnandi hafi ekki gefið tilefni til þessarar umfjöllunar um einkahagi sína. Taldi héraðsdómur að umfjöllunin hafi ekki haft neitt fréttagildi, hún hafi verið ómálefnaleg og tengdist starfi hans ekkert. Stefnandi var á móti þessari umfjöllun sem snerti einkalíf hans og ekki var það ljóst hvaða erindi þessi umfjöllun hafi átt til almennings. Hæstiréttur túlkaði aðstæður á annan veg þannig að umfjöllun þessi hafi átt fullt erindi til almennings vegna tíðaranda, hann væri þjóðþekktur einstaklingur vegna atvinnuspilamennsku í fótbolta og launamál þeirra væru oft í fjölmiðlum og einnig af þeirri ástæðu að stefnandi hafi áður tjáð sig um þessi mál hjá erlendum fjölmiðlum. Var því ekki vegið að einkalífi hans og voru stefndu því sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Áhugavert hefði verið ef Hæstiréttur hefði talið stefndu bera miskabótaábyrgð á ummælum sínum og að ummæli þeirra hafi verið ómerk hvort Hæstiréttur hefði staðfestu niðurstöðu héraðs og dæmt stefndu til refsingar eða hvort Hæstiréttur hefði látið refsingu falla niður. Að mati höfundar er ólíklegt að Hæstiréttur hefði staðfest niðurstöðu héraðs og dæmt stefndu til refsingar en þannig virðist mikið þurfa að til komi svo að refsing sé dæmd vegna brota á ákvæðum 229. gr., 234. gr., 235. gr. og 236. gr. hgl hjá Hæstirétti.

Enn eru í gildi refsíákvæði í hegningarlögunum og tiltók löggjafinn það í frumvarpi að breytingu á stjórnarskrá að mikilvægt væri að hafa ákvæði til verndar friðhelgis í

⁶¹ Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012.

⁶² Hrd. 6. desember 2012 í máli 314/2012.


⁶³ Hrd. 24. nóvember 2011 í máli nr. 179/2011.

⁶⁴ Hrd. 10. mars 2011 í máli nr. 329/2010, Hæstiréttur komst að sömu niðurstöðu í dómi Hrd. 15. desember 2011 í máli nr. 158/2011 sem snéri að sömu tímaritsgrein en stefnandi var annar aðili.

refsilöggjöf.⁶⁵ Hæstiréttur hefur tekið það fram í dómum sínum að með ómerkingu ummæla er hlutur stefnanda réttur að miklu, ef ekki öllu leyti og fella megi niður refsingu sökum þess⁶⁶. Almennt má því draga þá ályktun að Hæstiréttur telji það sennilega næga refsingu að einstaklingar þurfi að þola að ummæli þeirra eru dæmd ómerk og nær undantekningalaust eru stefndu dæmdir til greiðslu miskabóta hafi ummælin verð dæmd ómerk.

3.1.3 Krafa um miskabætur

Kröfur, sem settar eru fram samhliða kröfu um ómerkinu ummæla, eru líkt og rekið var hér í köflum 3.1.1 og 3.1.2 kröfur og birtingu dómsorða og kröfur um refsingu. Einnig þótti áhugavert að athuga hvort ávallt væri gerð krafa um miskabætur samhliða kröfu um ómerkingu ummæla og hvaða fjárhæðar er krafist vegna ólögmætrar meingerðar. Sett var upp súlurit með dómaúrtaki rannsóknar, án tillits til niðurstöðu um ómerkingu ummæla. Súluritið sýnir þau tilvik sem krafist er miskabóta og upphæð þeirra miskabóta sem krafist er. Niðurstaðan var sett upp þannig að upphæðum var skipt niður í; engin krafa, krafa að einni milljón, frá einni milljón að þrem milljónum, frá þremur milljónum til fimm milljóna, frá fimm milljónum og að 10 milljónum og yfir 10 milljónum.



Mynd 5 Miskabótakröfur án tillits til niðurstöðu dóms um ómerkinu ummæla

Rannsóknin leiddi það í ljós að á síðasta áratugi er um eitt tilvik í máli hjá Hæstarétti að aðili gerði ekki kröfu um miskabætur samhliða kröfu um ómerkingu ummæla og birtingu dóms. Var það í dómi Hæstaréttar frá 10. apríl 2003 í máli nr. 426/2002. Þar skýrði stefndi frá í heilsíðu viðtali hvernig framleiðslu á ginseng væri háttað í Kóreu og

⁶⁵ Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, um 9. gr., mgr. 3.

⁶⁶ Hrd. 21. febrúar 1978 í máli nr. 163/1977 frá 21. febrúar 1978; Hrd. 1. desember 1989 í máli nr. 76/1988; Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012.

bar það saman við framleiðslu í Kína. Umfjöllunin gaf ekki góða mynd af ræktun ginseng í Kóreu og fór ríkisfyrirtæki þaðan í mál hér á Íslandi til að ómerkja þau ummæli sem komu fram í viðtalinu. Þó svo engin miskabótakrafa hafi verið gerð var gerð krafa um kostnað birtingar dóms og verður að telja að í þessu tilfelli hafi aðalástæða málshöfðunarinnar verið til að hreinsa orð Kóreska ginsengsins með því að fá ummælin ómerk og birta niðurstöðu dómsins í fjölmiðlum fyrir almenning að sjá. Þá var það reyndar niðurstaða dómsins í máli þessu að ekki var grundvöllur til ómerkingar ummæla og var stefndi sýknaður af kröfum stefnda.

Þá hefur það gerst tvívegis í héraðsdómi síðast liðin fimm ár, að ekki var krafist miskabóta samhliða kröfu um ómerkingu ummæla. Var það annars vegar í héraðadómi Reykjavíkur frá 19. september 2012 í máli nr. E-2821/2011, þó var ekki fallist á kröfu stefnanda og stefndi sýknaður af kröfu um ómerkingu. Hins vegar var það í dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. júlí 2008 í máli nr. E-8318/2007, þar krafðist stefnandi ómerkingar á ummælum sem hinn stefndi hafði birt. Ummælin beindust að starfsemi stefnanda á viðskiptasviði hans. Féllst dómurinn á að ummælin hafi falið í sér ærumeiðandi aðdróttun og voru ummælin ómerk og höfundi gert að birta dómsorð í þeim fjölmiðli sem hann starfaði og hin ómerku ummæli birtust.

Hver ástæðan er að fólk höfði dómsmál til þess að fá ummæli ómerk án þess að fara fram á miskabætur er eftir vill ekki flókin. Líkt og að ofan hefur verið greint hafa fræðimenn margir talið að ómerking ummæla feli í sér sýknudóm, fyrir þann sem ummælin féllu um.⁶⁷ Þannig verður að telja að farið sé í dómsmál einungis til ómerkingu á ummælum til þess að réttlæta hin ærumeiðandi ummæli, fá einhvers konar uppreis og hreinsa mannorð sitt, heiður og æru. Enda undirstrikar ómerking það að ummæli séu órökstudd.

3.1.4 Fjárhæðir miskabótakrafna vegna ærumeiðandi ummæla

Í þeim málum, þegar lögð er fram krafa um miskabætur samhliða kröfu um ómerkingu ummæla, er ekki að finna neina skýra mynd um hvernig fjárhæðum kröfu sé háttað. Í þeim málum þegar krafa um miskabætur var lögð fram mátti sjá kröfufjárhæðir frá 100.000 krónum og allt að 20.000.000. Í þeim málum sem fóru til Hæstaréttar mátti finna þrjár bótakröfur þar sem kröfufjárhæð var yfir 10.000.000 króna, sem jafnframt eru hæstu bótafjárhæðinar. Í tveimur af þessum málum var fjárhæð bótakröfu

⁶⁷ Gunnar Thoroddsen (n. 2) 289.

20.000.000 króna⁶⁸ en í þriðja málinu var fjárhæð framlagðrar kröfu 16.000.000 króna.⁶⁹ Í héraðsdómi var í einu máli lögð fram bótakrafa þar sem fjárhæð hljóðaði upp á 10.000.000 króna en í því máli var fjárhæð bótakröfu 15.000.000 króna.⁷⁰ Algengustu bótakröfur í Hæstarétti féllu í flokkinn frá 1.000.000 króna að 3.000.000 króna en í héraði var flestar bótakröfur að finna í flokknum að einni milljón króna. Fjárhæð lægstu bótakrafanna voru hjá báðum dómstigum undir einni milljón króna. Í héraði var lögð fram bótakrafa að fjárhæð 200.000 krónur⁷¹ í Hæstarétti nam lægsta bótafjárhæðin 100.000 krónur, þó í raun hafi verið farið fram á staðfestingu héraðsdóms, en þar hafði stefnda verið gert að greiða stefnanda 100.000 krónur í miskabætur.⁷² Í fjórum tilvikum í héraði var krafist bóta að upphæð 500.000 krónur⁷³ og í einu tilviki var krafist bóta að upphæð 600.000 krónur.⁷⁴ Í fimm tilvikum í Hæstarétti og níu tilvikum í héraði var svo krafist 1.000.000 króna⁷⁵ í miskabætur.

3.1.5 Kröfur í þeim málum sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla

Þegar þeir fjórtíu og fjórir dómar voru skoðaðir sér, þar sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla, er ekki að sjá mikinn mun á hvaða kröfur voru gerðar. Enn má sjá mál þar sem engin krafa er gerð til miskabóta samhliða kröfu fyrir ómerkingu ummæla og að hæstu fjárhæðir miskabóta krafna eru yfir 10.000.000 króna. Þá voru aðrar kröfur í þeim málum sambærilegar þeim kröfum sem voru framlagðar í þeim málum þar sem dómurinn féllst ekki á kröfu um ómerkingu ummæla.

⁶⁸ Hrd. 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006; Hrd. 11. október 2007 í máli nr. 491/2006.

⁶⁹ Hrd. 3. nóvember 2011 í máli nr. 693/2010.

⁷⁰ Héraðsdómur Reykjavíkur 15. september 2010 í máli nr. E-5780/2009.


⁷¹ Héraðsdómur Reykaness 23. febrúar 2011 í máli nr. E-2142/2010.

⁷² Hrd. 25. september 2003 í máli nr. 36/2003

⁷³ Héraðsdómur Reykjaness 3. október 2012 í máli nr. E-1844/2011; héraðsdómur Reykjavíkur 19. september 2011 í máli nr. E-1412/2011, héraðsdómur Reykjaness 14. febrúar 2011 í máli nr. E-415/2010 og héraðsdómur Reykjavíkur 22. október 2008 í máli nr. E-8596/2007.

⁷⁴ Héraðsdómur Reykjavíkur 2. júlí 2009 í máli nr. E-3170/2009.

⁷⁵ Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003; Hrd. 19. mars 2009 í máli nr. 448/2008; Hrd. 31. maí 2012 í máli nr. 591/2011; Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012; Hrd. 21. febrúar 2013 í máli nr. 525/2012; Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4394/2012; Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4395/2012; Héraðsdómur Austurlands 1. október 2013 í máli nr. E-5/2013; Héraðsdómur Reykjavíkur 6. mars 2012 í máli nr. E-3832/2011; Héraðsdómur Reykjavíkur 5. janúar 2012 í máli nr. E-1451/2011; Héraðsdómur Reykjavíkur 30. nóvember í máli nr. E-6157/2010; Héraðsdómur Reykjavíkur 8. júlí 2011 í máli nr. E-65/2011; Héraðsdómur Reykjaness 4. apríl 2011 í máli nr. E-4818/2009; Héraðsdómur Reykjaness 11. febrúar 2009 í máli nr. E-907/2008.




Mynd 6 Miskabótakröfur í þeim málum sem fallist var á kröfu um ómerkingu ummæla

Frá þessum staðreyndum má telja að kröfunar sjálfar, sem farið er fram á í þessum málum eru þær sömu þegar fallist er á kröfu um ómerkingu ummæla og þegar máli er vísað frá eða sýknu dómur fellur. Þannig virðist það ekki skipta sköpum þótt engin krafa sé gerð til miskabóta eða þegar upphæð miskabóta kröfu er mun hærri en almennt er dæmt. Það sem helst kemur því til álita dómara er hvort krafa um ómerkingu sé rökum reist og að ummælin sem féllu hafi verið ólöglegt og ærumeiðandi. Síðan er það tekið til skoðunar í niðurstöðu dóms hver hæfileg upphæð miskabóta sem og ákvörðun um aðrar kröfur svo sem hvort refsing sé dæmd, hvort bótagrundvöllur sé til staðar og þá hver upphæð bóta muni vera.

3.2 Fjárhæð dæmdra miskabóta

Fjárhæð krafna til miskabóta fara yfir víðan skala, lægstu bótakröfur eru 100.000 krónur á meðan þær hæstu nema 20.000.000 króna. Til að gefa mynd af hverjar fjárhæðir dæmdra miskabóta eru var úrtak rannsóknar þrengt og aðeins litið til þeirra 44 mála þar sem dómstólar dæmdu ummæli ómerk.



Mynd 7 Fjárhæð dæmdra bóta, settar upp í þeim flokki sem fjárhæð kröfu var.

Eitt það fyrsta sem vakti athygli var að þegar mynd 6 í kafla 3.1.5 er borin saman við mynd 7 virðist fjárhæð bóta krafna hafa áhrif á fjárhæð dæmdra bóta. Í flokki bóta krafna yfir 10.000.000 voru tvö mál hjá Hæstarétti og samkvæmt mynd 7 er hæsta bótafjárhæðin í þeim flokki. Meðalfjárhæð bóta í þeim flokki voru þó ekki yfir 10.000.000 króna en meðalfjárhæð bóta í þeim flokki er 850.000 krónur. Sú fjárhæð er talsvert lægri en fjárhæðir framlagðra krafna, í öðru málinu⁷⁶ var bótafjárhæð 1.000.000 króna, sem jafnframt eru hæstu fjárhæðir bóta á því tímabili sem rannsóknin náði til bæði hjá Hæstarétti og héraðsdómi. Bótafjárhæðin í hinu málinu⁷⁷ í þessum flokk var 700.000 krónur sem jafnframt er næst hæsta bótafjárhæðin sem dæmd var. Bótafjárhæðir voru allar á skalanum 0 – 1.000.000 krónur. Eðli máls samkvæmt voru engar bætur dæmdar þar sem engin bóta krafa var lögð fram en lægstu bótafjárhæðir voru 100.000 krónur og það í tveimur tilvikum. Í þeim máli⁷⁸ sem greidd var lægsta bótafjárhæðin var í öðru málinu lögð fram bóta krafa fyrir 1.000.000 króna og í hinu málinu var fjárhæð bóta kröfu 2.500.000 króna. Dæmd bótafjárhæð var í öllum flokkum lægri en framlögð bóta krafa, er því hægt að álykta þannig að upphæðir bóta eru fremur

⁷⁶ Hrd. 11. október 2007 í máli nr. 491/2006.


⁷⁷ Hrd. 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006.

⁷⁸ Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003; Hrd. 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009.

lágur og mun lægri en þeir sem brotið hefur verið gegn krefjast. Ekki hægt að fullyrða að því hærri krafa sem sett er fram því hærri bætur eru dæmdar. Jafnvel þótt svo megi virðast við fyrstu sýn samkvæmt mynd 7 en nánar verður farið í dæmdar bætur út frá framlagðri kröfu í kafla 3.4.3.

3.2.1 Voru alltaf dæmdar miskabætur þegar ummæli voru ómerk?

Þá var í rannsókninni athugað hvort tenging væri á milli ómerkingu ummæla og hvort bótagrundvöllur hafi verið til staðar, þ.e. ef ummæli voru dæmd ómerk voru miskabætur ávallt dæmdar þegar þeirra var krafist? Því var farið í það úrtak dóma þar sem fallist var á ómerkingu ummæla og settar voru fram kröfur til miskabóta.



Mynd 8 Voru miskabætur ávallt dæmdar þegar ummæli voru ómerk?

Þegar dómur Hæstaréttar og héraðs voru skoðaðir mátti finna eitt tilvik hjá hvorum dómstól þar sem dómurinn féllst á kröfu ómerkingu ummæla en ekki á miskabótakröfu. Þannig var það í 95% tilvika að dæmdar voru miskabætur þegar ummæli voru ómerk. Í Hæstarétti var það í máli nr. 383/2012 frá 24. janúar 2013. Þar tók Hæstiréttur það fram að í réttarframkvæmd hafi lengi verið litið svo á að leiðrétting rangra ummæla og afsökunarbeiðni þess, sem þau viðhafði, eigi að hafa réttaráhrif að því leyti að milda eða fella niður refsingu fyrir ummælin.⁷⁹ Þá hafi á síðari árum verið talið að eftirfarandi háttsemi eigi einnig að hafa áhrif á bótaábyrgð þess sem viðhafði ummælin. Stefndi varð við beiðni stefnanda og leiðrétti ómerku ummælin í annarri prentun bókar sinnar og bað stefnanda opinberlega afsökunar á ummælunum bæði í dagblaði og á vefsíðu sinni. Taldi Hæstiréttur að hin ómerkta ummæli, að teknu tilliti til leiðréttingar og opinberrar afsökunarbeiðni stefnda og stöðu stefnanda og þátttöku hans í opinberri umræðu um

⁷⁹ Vísaði Hæstiréttur til dóma Hæstaréttar í máli nr. 163/1977 frá 21. febrúar 1978 og í máli nr. 76/1988 frá 1. desember 1989 þessari réttarframkvæmd til stuðnings.

málefnið, hafi slík áhrif á persónu og æru stefnanda að fullnægt sé skilyrðum b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga til að dæma honum miskabætur úr hendi stefnda. Var stefndi því sýknaður af miskabóta kröfu stefnanda.


Í héraði var það í dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4395/2012. Þar taldi dómurinn að þrátt fyrir að ummælin voru á þann veg að þau voru dæmd ómerk var ekki talinn vera grundvöllur til greiðslu miskabóta. Skýrði dómurinn það þannig, þrátt fyrir að stefnda hefði viðhaft ærðumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda yrði að taka tillit til þess, við mat á miska stefnanda, hvaða orðspor stefnandi hafi skapað sér sjálfum með framgöngu sinni á opinberum vettvangi. Þá hafi stefnandi haft fullt tilefni til að hreinsa mannorð sitt hvað ásakanirnar varðaði en þar sem hann hafði áður birt efni, sem á köflum var afar tvírætt og ögrandi sem mætti auðveldlega skilja sem hvatningu til ofbeldis af þessu tagi. Þannig var talið að með ómerkingu ummælanna í niðurstöðu dómsins, hafi stefnandi fengið hlut sinn réttan með fullnægjandi hætti og var því ekki talið að efni hafi verið til að dæma stefndu til greiðslu miskabóta. Frá þessum héraðsdómi má draga þá ályktun að ef einstaklingur hefur sýnt af sér hegðun sem megi jafna til aðdróttunar og ærumeiðandi ummæla eða hafi hann í raun verið fyrirmynd af háttseminni og þannig myndað grundvöll til slíkrar umræðu gagnvart sér skapist ekki bótaábyrgð vegna ærumeiðandi ummæla gagnvart honum, þó hann eigi ef til vill rétt á að leiðrétta hin ærumeiðandi ummæla og hreinsa mannorð sitt.

Þegar litið er til þessara tveggja dóma má greina frá því að ekki eru ávallt greiddar miskabætur þegar ummæli eru ómerk. Þannig eru engin tengsl á milli þessara gjörða en það er þó í flest öllum tilfellum sem dómstólar dæma miskabætur, sé þeirra krafist ef þeir telja ummæli þannig háttuð að þau skuli ómerk.

3.3 Meðalfjórðing framlagðra krafna og dæmdra bóta

Litið var til meðalfjórðingar framlagðra krafna og meðalfjórðingar dæmdra miskabóta. Það úrtak sem litið var til hér var í þeim málum sem lagðar voru fram kröfur til miskabóta samhliða kröfu um ómerkingu ummæla og dómurinn féllst á rétt til miskabóta. Helsti tilgangur þess var að geta borið saman framlagðar miskabótakröfur og miskabótafjórðing og þannig gefið mynd af upphæðum út frá því hvar meðaltalið liggur. Meðaltal gefur ekki alltaf nákvæma mynd en ein afbriðgðileg tala getur haft mikil áhrif á meðaltalið, hér gaf meðaltalið þó góða mynd af því hvernig fjórðing liggja.

3.3.1 Meðalfjárhæð framlagðra krafna




Mynd 9 Meðal upphæð framlagðra krafna

Af meðaltali bóttakrafna og samanburði milli Hæstaréttar og héraðsdóms má sjá að fjárhæðir framlagðra krafna í Hæstarétti eru hærri en fjárhæðir framlagðra krafna í héraði. Í Hæstarétti er meðalfjárhæð bóttakröfu 3.875.000 krónur sem í héraði er 2.819.231 eða um 40% lægri upphæð. Því virðist sem hærri bóttakröfur eru lagðar fram í Hæstarétti heldur en gert er í héraði. Almennt má því telja að fremur komi til áfýjunar til Hæstaréttar í þeim tilvikum þegar fjárhæð framlagðra miskabóttakrafna eru hærri fjárhæðir en ella. Fjárhæðir framlagðra bóttakrafna í þeim málum sem áfrýjuð voru til Hæstaréttar voru nær allar yfir 1.000.000 krónur. Í þeim málum sem fjárhæð bóttakröfu náði ekki 1.000.000 króna var þegar krafa var sett fram um staðfestingu héraðsdóms. Einungis er um tvö slík mál⁸⁰ að ræða og hafði hérað í báðum þeim málum dæmt 800.000 krónur í miskabætur.

⁸⁰ Hrd. 15. desember 2011 í máli nr. 158/2011; Hrd. 24. janúar 2008 í máli nr. 211/2007.

3.3.2 Meðalfjárhæð dæmdra bóta



Mynd 10 Meðalbætur dæmdar

Dæmdar meðalbætur í Hæstarétti nema 392.857 krónum og meðaltal dæmdra bóta í héraði er 385.714 krónur. Á þeim áratug sem rannsókn fór yfir var fjárhæð hæstu bóta ein milljón króna bæði í dómi Hæstaréttar⁸¹ og í dómi héraðs.⁸² Fjárhæð lægstu dæmdu miskabóta voru 100.000 krónur í tveimur málum Hæstaréttar.⁸³ Féllu bótafjárhæði allt þar á milli, sú bótafjárhæð sem hvað oftast var dæmd, eða í sex málum Hæstaréttar var 200.000 krónur,⁸⁴ þá var í fjórum málum Hæstaréttar⁸⁵ dæmdar 300.000 krónur í miskabætur. Í tveimur héraðsdómum⁸⁶ var dæmd bótaupphæð fyrir 100.000 krónur sem voru lægstu bótafjárhæðir dæmdar í héraði. Þegar farið var yfir meðalbótakröfur samanber mynd 9 mátti sjá að bótakröfur sem settar voru fram í málum Hæstaréttar voru hærri en þær bótakröfur sem settar voru fram í málum héraðs. Ef litið er á fjárhæðir dæmdra bóta samanber mynd 10 er ekki að finna verulegan mun á dæmdum bótum milli dómstóla heldur virðist sem sambærilegar bætur séu dæmdar þó upphæðin sé ef til vill örlítið hærri hjá héraðsdómunum.

⁸¹ Hrd. 11. október 2007 í máli nr. 491/2006

⁸² Héraðsdómur Reykjavíkur 4. júní 2008 í máli nr. E-5903/2007


⁸³ Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003; Hrd. 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009.

⁸⁴ Hrd. 24. janúar 2008 í máli nr. 211/2007; Hrd. 24. nóvember 2011 í máli nr. 179/2011; Hrd. 6. desember 2012 í máli nr. 314/2012; Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012; Hrd. 21. febrúar 2013 í máli nr. 525/2012; Hrd. 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013

⁸⁵ Hrd. 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009; Hrd. 10. mars 2011 í máli nr. 329/2010; Hrd. 14. júní 2012 í máli nr. 671/2011; Hrd. 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012

⁸⁶ Héraðsdómur Austurlands 1. október 2013 í máli nr. E-5/2013; Héraðsdómur Reykjavíkur 5. janúar 2012 í máli nr. E-1451/2011


3.3.3 Fjárhæðir dæmdra bóta miðað við framlagða kröfur



Mynd 11 Hlutfall dæmdra bóta af framlagðri kröfu

Nú þegar farið hefur verið yfir hverjar eru meðalfjárhæðir bótakröfu og dæmdra bóta verður litið til þess hve háar bætur eru dæmdar af framlögðum bótakröfum. Í þeim málum með framlagða bótakröfu að einni milljón var í Hæstarétti dæmdar bætur sem námu 27% af framlagðri kröfu. Til skýringar má setja upp dæmi ef krafa var ein milljón voru dæmdar bætur 270.000 krónur. Hlutfall þetta er eilítið hærra í héraði en í málaflokk þessum eða 35% ef sama dæmið er sett upp og var gert hér á undan væri fjárhæð dæmdra bóta 350.000 krónur. Þegar litið er til myndar 11 má sjá að hlutfall bótafjárhæðar af framlagðri kröfu lækkar ört eftir því sem hærri krafa er lögð fram. Í þeim mála flokki sem fjárhæð krafna var frá einni milljón króna og að þremur milljónum króna fengust að meðaltali 14% af þeirri fjárhæð í bætur, í næsta flokk með fjárhæðum krafna frá þremur milljónum króna og að fimm milljónum króna var svipað hlutfall fengið eða að meðaltali 12%. Í þeim flokki mála sem fjárhæð bótakrafna var yfir tíu milljónir krónar var hlutfall dæmdra bóta einungis 4% af framlagðri kröfu. Af þessum tölum má telja að framlagðar bótakröfur séu of háar en verður þó að hafa það í huga að dómarrar eru bundnir af framlögðum kröfum í stefnu samanber 111. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Því getur talist hentugra að setja fram hærri fjárhæð í bótakröfu fremur en lægri til halda möguleikum opnum en ekki takmarka bótafjárhæð um of.

3.3.4 Dæmt meðalhluftfall



Mynd 12 Meðalhluftfall af kröfu

Dæmt meðalhluftfall af kröfu, miðast við meðaltal framlagðra krafna og meðaltal dæmdra bóta. En líkt og mynd 12 sýnir er hlutfallið fremur lágt eða í Hæstarétti 9% og í héraðsdómi 14%. Þannig virðist sem settar séu fram háar kröfur til að reyna að fá sem hæstu bæturnar en þó virðist þróunin vera á þeirri leið að lögmenn séu farnir að sigla með straumnum og fara fram á upphæð bóta nær þeim upphæðum sem dómstólar hafa verið að dæma. En á árunum 2003 – 2011 var meðaltal bótakrafna 6.254.545 krónur en meðaltal bótakrafna árin 2011 – 2014 var 1.861.538 krónur í Hæstarétti en í héraði er meðaltal bótakrafna frá 2008 – 2014 rétt um 2.000.000 króna. Upphæðir framlagðra krafna eru þó enn vel yfir dæmdum bótum en áhugavert er hvert þróunin muni leiða þær.

3.4 Rökstuðningur dómstóla vegna ákvörðunar miskabóta.

Nú þegar farið hefur verið í framlagðar kröfur í málum samhliða ómerkingu ummæla og dæmdum bótafjárhæðum í þeim málum, verður farið í að skoða niðurstöðu Hæstaréttar í þeim tuttugu málum sem fallist var á ómerkingu ummæla og miskabætur dæmdar. Í athugasemdum við það frumvarp sem varð að skaðabótalögum má finna þó nokkrar athugasemdir um stöðlun bóta og þar á meðal miskabóta. Var sú leið farin til að gera ákvörðun bóta einfaldari og jafnari en áður. Fyrir lagasetninguna höfðu bætur í vissum tilfellum verið annar vegar of lágar miðað við aðstæður og í öðrum tilfellum of háar.⁸⁷ Ekki er þó að finna leiðbeiningareglur um hvernig bótaupphæð, vegna ærumeiðinga,

⁸⁷ Alpt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, almennar athugasemdir, kafli 2.1.

skuli háttað. Fyrir tíð skaðabótaganna hafði dómvenja komið á um hvernig bætur voru ákvarðaðar og virðist sem það fyrirkomulag sé enn í gildi vegna bóta í ærumeiðingamálum.⁸⁸

Þegar niðurstaða dóma var skoðuð var lögð áhersla á að finna röksemdir hjá Hæstarétti vegna ákvörðun bóta. Dómar voru bornir saman þar sem eðli mála eða ummæli voru sambærileg. Var athugað hvort dómstóllinn vísaði þá til sambærilegra atvika við ákvörðun bótafjárhæðar og hvort sambærilegar bætur voru dæmdar.

3.4.1 Refsiverð háttsemi

Í níu málum af þeim tuttugu sem niðurstaða dóma var skoðuð fólu hin ómerku ummæli það í sér að með þeim var stefnandi sakaður um refsiverða háttsemi. Þau ummæli sem ómerk voru vísuðu til þess að stefnendur þessa mála voru sakaðir um vændissölu, mansal, frelsissviptingu, hlutdeildar aðili í kynferðisbrotamáli, vörslu á barnaklámi, barnaníð, að hafa beitt dætur sínar andlegu- og líkamlegu ofbeldi, sætu lögreglurannsókn og kókaínsmygl.

Stefnandi á rétt til miskabóta samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótaga. Setning þessi var birt í niðurstöðu dóma Hæstaréttar frá; 5. mars 2009 í máli nr. 328/2008, 30. apríl 2009 í máli nr. 475/2009, 10. mars 2011 í máli nr. 329/2010 og 21. febrúar 2013 í máli nr. 525/2012. Í málum þessum voru sambærileg ummæli, þar voru stefnendur sakaðir um brýna refsiverða háttsemi. Enginn rökstuðningur vegna bótafjárhæðar var í niðurstöðu málanna heldur einungis vísað í þessa setningu við ákvörðun bóta en ekki voru dæmdar sambærilegar bótafjárhæðir. Í máli nr. 328/2008 og nr. 475/2009 var dæmd bótafjárhæð 500.000 krónur. Í máli nr. 329/2010 var dæmd bótafjárhæð 300.000 krónu og í máli nr. 525/2012 var dæmd bótafjárhæð 200.000 krónur.

Ítarlegri rökstuðning mátti finna dómi Hæstaréttar 18. febrúar 2010 í máli nr. 104/2009 en þar tiltók Hæstiréttur hvað fólst í ummælunum, hvernig þau birtust og til hvers þau væru fallin. Dómurinn vísaði til þess að æra stefnanda hefði sætt hnekki vegna umfjallana um refsímál eiginmanns hennar og ákvað miskabætur hæfilegar 300.000 krónur.

Í dómi Hæstaréttar 6. desember 2012 í máli nr. 314/2012 var í forsendum héraðs, er Hæstiréttur gerði að sínum vísað til þess að kröfur væru gerðar til fjölmiðla um að sannreyna ummæli, ummælin sem höfðu fallið væru efnislega röng og þannig hafi verið

⁸⁸ sama heimild, almennar athugasemdir, kafla 2.1.

vegið að æru stefnanda og skilyrði b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga uppfyllt. Var bótafjárhæð ákveðin 200.000 krónur. Ekki var vísað til þess af hvaða tagi meint refsiverð háttsemi stefnanda var og gæti það haft áhrif á upphæð bóta, að honum hafi ekki verið gefin brýn refsiverð háttsemi að sök.

Í dómi Hæstaréttar 31. maí 2012 í máli nr. 591/2011 var einnig vísað til þess hvernig ummælin voru birt, en það var í víðlesnu blaði sem gefið er út í hagnaðarskyni. Voru miskabætur hæfilega ákveðnar 250.000 krónur.

Með ómerkingu ummæla er miski stefnanda verulega réttur. Setning þessi kom fyrir í þremur dómum, í þeim málum sem stefnanda var gefin að sök brýn refsiverð háttsemi. Í dómi Hæstaréttar 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012 var fjárhæð miskabóta ákveðin 300.000 krónur, í dómi Hæstaréttar 24. nóvember 2011 í máli nr. 179/2011 var bótafjárhæð ákveðin 200.000 krónu og í dómi Hæstaréttar 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009 þar sem miskabætur voru hæfilega ákveðna 100.000 krónur. Ekki var vísað til annarra atriða vegna ákvörðunar bóta í þessum málum.

3.4.2 Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu rofin

Þá var í þremur málum úrtaks að ummæli og umfjöllun um stefnendur snerti einkamál, heimilisaðstæður og/eða fjölskyldumálefni þeirra sem ummælin voru höfð um, slík málefni eru ekki talin eiga heima í opinberri umfjöllun samanber 229. gr. hegningarlaga nema í undantekningar tilfellum. Í dómi Hæstaréttar 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006 var á forsíðu vikublaðs birt mynd af þjóðþekktum einstaklingi ásamt fyrirsögninni „Bubbi fallinn“. Var myndin tekin á stundu er hann mátti með réttu ætla að friðhelgi hans til einkalífs yrði virt. Við ákvörðun bóta vísaði Hæstiréttur til dreifingu vikublaðsins hve mikla útbreiðslu myndin fékk, að framsetning umfjöllunarinnar var til þess að auka sölu blaðsins í ágóðaskyni og taldi dómurinn bætur hæfilega ákveðnar 700.000 krónur. Í dómi Hæstaréttar 11. desember 2008 í máli nr. 34/2008 var stór mynd af stefnanda birt ásamt öðrum yfirmanni þeirrar sjónvarpsstöðvar er stefnandi vann hjá og aðstæður einkalífs þeirra dregnar upp. Í greininni var greint frá einkamálefnum og fjölskyldulífi stefnanda. Fékk stefnandi viðurnefnið „glæpur“ skeytt við nafn sitt og hann nefndur „geðþekktur geðsjúklingur“. Í niðurstöðu Hæstaréttar var talið að ummæli hafi falið í sér ærumeiðandi móðganir sem og aðdróttanir. Forsendur héraðs voru staðfestar en var þar vísað til útbreiðslu ummælanna og þess sem lagt var til

um fjárhagslega burði stefndu samanber umfjöllun í frumvarpi vegna breytingar á skaðabótlögum.⁸⁹ Voru miskabætur hæfilega ákveðnar af Hæstarétti 600.000 krónur.

Í dómi Hæstaréttar frá 15. desember 2011 í máli nr. 158/2011 var einnig vegið að einkalífi og heimilisaðstæðum stefnanda. Þau ummæli sem deilt var um í máli þessu voru endursagnir orða barns til móðurmóður sinnar og vísuðu til slæmra uppeldis aðstæðna og vanlíðan á heimili föður síns og fékk stefnandi viðurnefnið „öskubuska litla“. Þá var með umfjölluninni birt mynd af stefnanda. Í forsendum héraðs sem Hæstiréttur gerði að sínum sagði að aðdróttanir í garð stefnanda voru birtar og bornar út opinberlega, þó ekki hafi verið ástæða til að telja sögusagnirnar sannar. Við ákvörðun miskabótafjárhæðar var vísað til myndbirtingar og bætur hæfilega ákvarðaðar 400.000 krónur.

3.4.3 Ólögmet meingerð beint að starfi

Í tveimur málum úrtaks var ummælum beint að aðilum og fól meingerð í sér atriði sem neikvæð áhrif höfðu á störf ummælanda. Í dómi Hæstaréttar frá 1. október 2007 í máli nr. 491/2006 höfðaði sálfræðingur mál en í fjórum tölublöðum dagblaðs voru ummæli um hann höfð er snéru að starfi hans og þá að hann hefði „150 klögumál á bakinu“. Í niðurstöðu Hæstaréttar var vísað til þess að umfjöllun um stefnanda stóð yfir um langt skeið, að um harðan og sérlega óvæginn áfellindóm hafi verið að ræða og að í ummælun hafi verið fullyrðingar um staðreyndir. Ummælin voru dregin upp á áberandi hátt og til þess fallin að koma óorði á störf stefnanda. Taldi Hæstiréttur að ritstjórum og útgefanda dagblaðsins mætti vera ljóst að þessi atлага myndi bitna harkalega á stefnanda sér í lagi þegar litið er til þeirra trúnaðarstarfa er hann gengdi í viðkvæmum málum. Hafi það gefið tilefni til enn vandaðri könnun staðreynda. Voru miskabætur til stefnanda ákvarðaðar 1.000.000 króna. Í dómi Hæstaréttar 2. október 2008 í máli nr. 653/2007 var vegið að fjárhag stefnanda en höfðu þau ummæli getað haft mikil áhrif á starfa hennar sem fjárfesti og athafnakonu í viðskiptalífi. Var í tímariti birt ummælin „Þóra er blönk“ og „hann er að bíða eftir 120 milljónum frá einni ríkustu konu landsins. Sjálfur er hann farinn að halda að Þóra sé blönk“. Í forsendum héraðs, sem Hæstiréttur gerði að sínum og áhrif höfðu á ákvörðun bóta, kom fram að stefnandi er fjárfestir og ummæli þessi hafi ekki átt við rök að styðjast, þau hafi verið óviðurvæmlega, ærumeiðandi og til

⁸⁹ Alpt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál, um 13. gr.

Þess fallin að svarta ímynd stefnanda bæði sem persónu og fjárfestir. Voru bætur til hennar ákveðnar 500.000 krónur.

3.4.4 Persónulegar illdeilur

Í dómum Hæstaréttar 25. maí 2012 í máli nr. 469/2011 og 14. júní 2012 í máli nr. 671/2011 var um persónulegar illdeilur milli ákveðinna aðila og taldi Hæstiréttur að erindi þessara illdeilna hafi ekki átt erindi á opinberan vettvang. Í niðurstöðu dómanna var annars vegar grein að í ummælunum hafi falist meingerð gegn persónu og æru sem bæta skuli með miskabótum og hins vegar skýrt að ummælin væru til þess fallin að valda þeim miska sem fyrir þeim verður. Ekki var vísað til annarra atriða við ákvörðun bóta í máli þessum og voru fjárhæðir bóta ákvarðaðar í báðum málum 300.000 krónur til hvers stefnanda.

3.4.5 Meingerð af öðru tagi

Í dómi Hæstaréttar 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013 fólst ólögmat meingerð gegn æru stefnanda. Ummælin fólu í sér ætlaða framkomu stefnanda gagnvart þáverandi Alþingismanni en ummælin voru ósönn og áttu ekki við nein rök að styðjast. Vísaði dómurinn til þess að stefnandi hafi borist afsökunarbeiðni á ummælunum og að þau hafi verið leiðrétt. Taldi dómurinn að fjölmiðillinn hafi haft nægt ráðrúm til að kanna sannleiksgildi ummæla, að ummælin hafi ekki átt erindi í opinber umræðu og að með afsökunarbeiðni og leiðréttingu ummæla hafi fjölmiðillinn ekki firrað sig bótaábyrgð og var fallist á miskabótagrundvöll og þær ákveðnar 200.000 krónur.

Með ómerkingu ummæla hafi hlutur stefnanda réttur. Setningu þessa má finna í niðurstöðu næstu dóma Hæstaréttar frá; 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003 og 24. janúar 2008 í máli nr. 211/2007. Ummæli þau er ómerk voru í þessum dómum voru í fyrsta dómnum tengd hæfni stefnanda vegna starfs við Háskóla Íslands, komu ummælin fram í drögum að skýrslu frá nefnd er mat hæfi allra umsækjanda starfsins. Tvenn ummæli voru ómerk en önnur þeirra var ekki að finna í lokaútgáfu skýrslunnar. Ummælin voru ekki birt opinberlega og taldi dómurinn að með ómerkingu þeirra hafi hlutur stefnanda verið réttur eftir því sem efni stóðu til og var fjárhæð bóta ákveðin 100.000 krónur. Í seinna málinu voru ummæli þess eðlis að stefnandi var sakaður um ámælisverða hegðun, sem sönnur höfðu ekki verið færðar fyrir og þannig vegið að æru hennar. Taldi Hæstiréttur hlutur hennar réttan að nokkru leyti eftir ómerkingu ummæla og voru miskabætur til hennar ákvarðaðar 200.000 krónur.

3.4.6 Ályktun

Af því sem farið hefur verið hér í kafla 3.4 má sjá í niðurstöðum eitthverra dóma atriði sem áhrif hafa á bótafjárhæð. Þau atriði sem dómstóllinn vísaði helst til var vegna vinnu þeirra fjölmiðla er ummæli birtu. Vísaði dómstóllinn til þeirra krafna sem gerðar eru til fjölmiðla, með að sannreyna atriði, gæta að uppsetningu fréttar, hafði það áhrif á bótafjárhæð ef tilgangur fréttar væri að auka sölu þess blaðs er það birtist í. Þá skipti máli í hve langan tíma og hve oft ummælin áttu sér stað en þá virtist sem umræða sem stefnandi sjálfur tók þátt í hafa þau áhrif að bótafjárhæð var lækkuð. Vísað var í niðurstöðu eins dóms til fjárhags stefnda, sem í því tilviki var fjölmiðill var hér stuðst við lögskýringa gögn frumvarps um breytingu á skaðabótalögunum.⁹⁰ Í þeim málum sem ummæli tengdust persónulegum illdeilum voru bótafjárhæðir 300.000 krónur sem fer undir meðalfjárhæð miskabóta. Þannig virðist máli skipta hvort ábyrgðaraðili ummæla sé fjölmiðill eða einstaklingur. Bótafjárhæðir eru þó ekki ávarðaðar út frá því einu. Myndbirtingar af aðilum hafði áhrif á fjárhæð miskabóta og þá til hækkunar en var það í þremur tilvikum sem slíkt var talið brot á friðhelgi einkalífs. Um hvað ummælin sjálf fjalla virtist ekki hafa mikil áhrif á bætur en í niðurstöðu nokkurra mála var vísað til þess að gefin hefði verið að sök brýn refsiverð háttsemi en bótafjárhæðir voru þó misháar. Í þeim málum er ummæli snéru að störfum aðila skipti það máli hverskyns störfum aðili sinni en í niðurstöðu dóma var vísað til þessa og úr því mátti ráða að slíkt hafði áhrif til hækkunar á bótafjárhæð. Einnig vakti það mikla athygli að við ákvörðun fjárhæða miskabóta var í þó nokkrum málum nefnt að með niðurstöðu dómsins, þ.e. að ómerkt yrðu einhver ummæli, yrði staða stefnanda rétt að talsverðu leyti en niðurstaða þeirra dóma vegna bótafjárhæðar var ekki sambærileg. Í einu máli⁹¹ var vísað til þessa atviks en bætur dæmdar að upphæð 300.000 krónu, það sama var sagt öðru máli⁹² þar sem dæmdar bætur að upphæð 200.000 krónur, þá var vísað til þess sama í tveimur málum⁹³ Hæstaréttar þar sem dæmdar voru bætur að upphæð 100.000 krónur og slíkt hið sama var nefnt í máli Hæstaréttar⁹⁴ þar sem dómstóllinn taldi ekki grundvöll vera til greiðslu miskabóta.

⁹⁰ sama heimild, um 13. gr.

⁹¹ Hrd. 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012.

⁹² Hrd. 24 janúar 2008 í máli nr. 211/2007.

⁹³ Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 382/2003; Hrd. 11. mars 2010 í máli nr. 454/2009

⁹⁴ Hrd. 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012.

Þá vakti það athygli í hve mörgum málum var ekki vísað til neinna ákveðinni atvika við ákvörðun bótafjárhæðar nema að aðilar eigi rétt á miskabótum samanber heimild b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalega þar sem í ummælum fólst meingerð. Þá var í einum héraðsdómi sem röksemdafærsla vegna upphæðar var mjög skýr. Þá var vísað í fordæmi Hæstaréttar í öðru máli en ummælin voru þau sömu. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3170/2009 vísaði stefndi í dóm Hæstaréttar 11. desember 2008 í máli nr. 34/2008, því til stuðnings um að fá kröfu um miskabætur lækkaða. Í Hæstaréttarmálinu voru sömu ummæli dæmd ómerk en þá hvernig þau beindust að öðrum aðila. Héraðsdómur bar þá saman ákvörðun Hæstaréttar og þá deilu sem var til úrlausnar hjá þeim í héraði og taldi að ekki væri unnt að dæma stefnanda meira en helming af þeim bótum sem voru dæmdar í Hæstaréttardómnum þar sem helmingur ummællana sem ómerkt voru í Hæstarétti beindust einnig að stefnanda í því máli er var í meðferð hjá héraði og var stefndi því dæmdur til greiðslu 300.000 krónur en ekki 600.000 krónur líkt og stefnandu krafðist í miskabætur.⁹⁵

Þannig má finna í niðurstöðu dóma rökstuðning fyrir fjárhæð miskabóta en slíkt er þó ekki regla enda má enn finna niðurstöður þar sem enginn rökstuðningur stýrir bótafjárhæð.

⁹⁵ Héraðsdómur Reykjavíkur 2. júlí 2009 í máli nr. E-3170/2009

4. Niðurstaða

Með ritgerð þessari og þeirri rannsókn sem gerð var í þágu hennar hefur nú verið svarað ýmsum spurningum tengdum miskabótum í ærumeiðingamálum. Ljóst er að í íslenskri löggjöf er að finna ákvæði til verndar æru. Má þar nefna stjórnarskrá, mannréttindasáttmála Evrópu, hegningarlög og skaðabótalög. Lengi vel var ærunni veitt vernd með refsilöggjöf hegningarlaga en má segja að helsta ákvæði ærunni til verndar sé nú í skaðabótalögunum. Enda er heimilt „að láta þann sem ábyrgð ber á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við“ en ákvæði þetta er í b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Spurningum þeim er ritgerð þessari var ætlað að svara hefur nú verið svarað. Í ærumeiðingarmálum er samhliða kröfu um ómerkingu ummæla lagðar fram kröfur um birtingu forsenda og niðurstöðu dómsins, í því tuttugu og eina máli sem fallist var á ómerkingu ummæla hjá Hæstarétti var það í nítján málum sem krafa þessi var lögð fram og í ellefu málum sem stefnda var gert að kosta birtingu dóms eða að birta sjálfur forsendur og niðurstöðu dómsins. Þá var í fjórum málum sett fram krafa í Hæstarétti að stefnda yrði dæmd refsing. Taldi dómstóllinn aldrei efni vera til að dæma stefnda til refsingar. Algengasta krafan sem sett var fram samhliða ómerkingu ummæla var krafan um miskabætur. Í því þrjátíu og eina máli sem krafist var ómerkingar ummæla hjá Hæstarétti var í einu máli ekki lögð fram krafa til miskabóta. Í tuttugu og einu máli féllst Hæstiréttur á ómerkingu ummæla og var í tuttugu málum dæmdar miskabætur, héraðsdómstólar féllust á kröfu um ómerkingu ummæla í tuttugu og þremur málum.

Hverjar fjárhæðir miskabóta voru var fundið lægstu og hæstu bótafjárhæðir og fundið var meðalfjárhæð bótakröfu og meðalfjárhæð dæmdra bóta. Lægsta fjárhæð bóta var hundrað þúsund krónur og hæstu bótafjárhæðir voru í Hæstarétti dæmdar ein milljón króna sem einnig var hæðsta fjárhæð bóta í héraðsdómi. Var það einungis í einu máli hjá Hæstarétti og einu máli hjá héraði sem ekki var talinn vera miskabótagrundvöllur þrátt fyrir að í ummælum hafi falist meingerð og þau ómerk. Fundin var meðalfjárhæð miskabóta krafna og dæmdra miskabóta og fundið var hlutfall dæmdra miskabóta af framlögðum bótakröfum. Í Hæstarétti er meðalfjárhæð bótakröfu 3.875.000 krónur sú fjárhæð er í héraði 2.819.231 krónur. Dæmdar meðalbætur í Hæstarétti nema 392.857 krónum og meðaltal dæmdra bóta í héraði er 385.714 krónur.

Meðalhlutfall dæmdra bóta af framlagði kröfu nemur 9% í Hæstarétti en hlutfallið er örlítið hærra hjá héraði eða 14%

Þá var leitað eftir röksemdum dómstóla við ákvörðun miskabóta fjárhæðar. Þá voru niðurstöður Hæstaréttar skoðaðar sem leiddi í ljós að ekki er að finna röksemdir í niðurstöðu dóma vegna ákvörðun bótafjárhæða en þó mátti finna vissar röksemdir í mörgum málum sem áhrif höfðu á bótafjárhæðina. Þau atriði sem helst höfðu áhrif á fjárhæðir bóta var ef ummæli fengu mikla útbreiðslu og ef ummælin voru í umræðu í einhvern tíma. Virtist það hafa áhrif ef þau ummæli sem féllu höfðu áhrif á störf þolandans og þá einnig ef þolandi var myndbirtur. Til lækkunar á bótafjárhæð hafði áhrif ef þolandi ummæla hafði sjálfur tekið þátt í opinberum umræðum sambærilegum og þeim er krafist var ómerkingar á. Ekki var þó alltaf að finna vísanir til atvika í niðurstöðu dóma sem áhrif höfðu á fjárhæðir bóta og í mörgum þeim dómum sem rannsókn tók til vísaði dómurinn til þess að með ómerkingu ummæla væri hlutur stefnanda réttur að einhverju eða verulegu leyti en þó dæmdar miskabætur og þær ekki sambærilegar í öllum málunum. Vissulega þarf að taka tillit til umfangs og eðli í hverju máli fyrir sig.

Að öllu framangreindu virtu má álykta að miskabótafjárhæðir séu á valdi dómstóla að meta og að ekki er fyrirsjáanlegt hvernig fjárhæðum eða ákvörðunum þeirra vegna sé háttað.

Viðauki 1- Dómaúrtak vegna rannsókna

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 25. september 2003 Nr. 36/2003

Hrd. 10. apríl 2003 Nr. 426/2002

Hrd. 25. mars 2004 Nr. 382/2003

Hrd. 15. desember 2005 Nr.181/2005

Hrd. 1. mars 2007 Nr. 278/2006

Hrd. 11. október 2007 Nr. 491/2006

Hrd. 24. janúar 2008 Nr. 211/2007

Hrd. 2. október 2008 Nr. 653/2007

Hrd. 11. desember 2008 Nr. 34/2008

Hrd. 29. janúar 2009 Nr. 321/2008

Hrd. 5. mars 2009 Nr. 328/2008

Hrd. 19. mars 2009 Nr. 448/2008

Hrd. 30. apríl 2009 Nr. 475/2008

Hrd. 18. febrúar 2010 Nr. 104/2009

Hrd. 11. mars 2010 Nr. 454/2009

Hrd. 21. apríl 2010 Nr. 689/2009

Hrd. 10. mars 2011 Nr. 329/2010

Hrd. 3. nóvember 2011 Nr. 693/2010

Hrd. 10. nóvember 2011 Nr. 65/2011

Hrd. 24. nóvember 2011 Nr. 100/2011

Hrd. 24. nóvember 2011 Nr. 179/2011

Hrd. 15. desember 2011 Nr. 158/2011

Hrd. 24. maí 2012 Nr. 469/2011

Hrd. 31. maí 2012 Nr. 591/2011

Hrd. 14. júní 2012 Nr. 671/2011

Hrd. 18. október 2012 Nr. 673/2011

Hrd. 15. nóvember 2012 Nr. 69/2012

Hrd. 6. desember 2012 Nr. 314/2012

Hrd. 24. janúar 2013 Nr. 383/2012

Hrd. 21. febrúar 2013 Nr. 525/2012

Hrd. 7. nóvember 2013 Nr. 200/2013

Héraðsdómar

Héraðsdómur Reykjavíkur 16. desember 2013 í máli nr. E-220/2013

Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4394/2012

Héraðsdómur Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-4395/2012

Héraðsdómur Austurlands 1. október 2013 í máli nr. E-5/2013

Héraðsdómur Reykjaness 13. febrúar 2013 í máli nr. E-743/2012

Héraðsdómur Reykjavíkur 19. nóvember 2012 í máli nr. E-4398/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 10. október 2012 í máli nr. E-5183/2010
Héraðsdómur Reykjaness 3. október 2012 í máli nr. E-1844/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 19. september 2012 í máli nr. E-2821/2011
Héraðsdómur Reykjaness 18. apríl 2012 í máli nr. E- 1572/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 6. mars 2012 í máli nr. E-3832/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 5. mars 2012 í máli nr. E-1996/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 5. janúar 2012 í málinu nr. E-1451/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 19. september 2011 í málinu nr E-1412/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 30. nóvember í máli nr. E-6157/2010
Héraðsdómur Reykjaness 3. nóvember 2011 í máli nr. E-60/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 13. október 2011 í máli nr. E-6524/2010
Héraðsdómur Reykjavíkur 22. september 2011 í máli nr. E-7299/2010
Héraðsdómur Reykjavíkur 8. júlí 2011 í máli nr. E-65/2011
Héraðsdómur Reykjaness 4. apríl 2011 í máli nr. E-4818/2009
Héraðsdómur Reykjaness 23 febrúar 2011 í málinu E-2142/2010
Héraðsdómur Reykjaness 14. febrúar 2011 í máli nr. E-415/2010
Héraðsdómur Reykjaness 2. nóvember 2010 í máli nr. E-4388/2009
Héraðsdómur Reykjavíkur 15. september 2010 í máli nr. E-5780/2009
Héraðsdómur Reykjavíkur 21. desember 2009 í máli nr. E-5265/2009
Héraðsdómur Reykjavíkur 18. september 2009 í máli nr. E-1168/2009
Héraðsdómur Reykjavíkur 2. júlí 2009 í máli nr. E-3170/2009
Héraðsdómur Reykjavíkur 26. júní 2009 í máli nr. E-9297/2008
Héraðsdómur Reykjavíkur 18. Júní 2009 í máli nr. E-11799/2008
Héraðsdómur Reykjavíkur 11. júní 2009 í máli nr. E-11800/2008
Héraðsdómur Reykjaness 11. febrúar 2009 í máli nr. E-907/2008
Héraðsdómur Reykjaness 11. febrúar 2009 í máli nr. E-1451/2007
Héraðsdómur Reykjavíkur 19. desember í máli nr. E-657/2008
Héraðsdómur Reykjavíkur 4. desember 2008 í máli nr. E-1442/2008
Héraðsdómur Reykjavíkur 22. október 2008 í máli nr. E-8596/2007
Héraðsdómur Reykjavíkur 10. júlí 2008 í máli nr. E-8318/2007
Héraðsdómur Reykjavíkur 4. júní 2008 í máli nr. E-5903/2007
Héraðsdómur Reykjavíkur 4. apríl 2008 í máli nr. E-5901/2007
Héraðsdómur Reykjavíkur 18. mars 2008 í máli nr. E-4910/2007
Héraðsdómur Reykjavíkur 26. febrúar 2008 í máli nr. E-3619/2007
Héraðsdómur Reykjaness 8. febrúar 2008 í máli nr. E-1257/2007

Heimildaskrá

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi* (Codex 2008)

Björn Þ. Guðmundsson og Stefán Már Stefánsson, *Lögbókin þín* (2. útgáfa, Örn og Örlygur 1989)

Einar Arnórsson, „Meiðyrði og meiðyrðamál“ [1952] Tímarit lögfræðinga 123

Eiríkur Jónsson, „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru : samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“ 25

Jónatan Þórmundsson, „Brot gegn friðhelgi einkalífs“ [1976] (4) Tímarit lögfræðinga 147

Kruse, A. V., *Erstatningsretten* (5. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1989)

Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og miski“ [1947] Úlfjótur 3

Páll Sigurðsson, *Fjölmíðlaréttur : meginþættir réttarumhverfis fjölmíðlanna* (Háskólaútgáfan 1997)

—— (ritstj.), *Lögfræðiorðabók : með skýringum* (Codex 2008)

Gunnar Thoroddsen, *Fjölmæli* (Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1967)

Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005)